# FRÉTTABLAÐIÐ

201. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 26. ÁGÚST 2016





Föstudagsviðtalið

## Ekkert að því að borga fyrir betri heilbrigðis-þjónustu

**Hildur Sverrisdóttir** borgarfulltrúi segir ekkert að því að bjóða upp á betri heilbrigðisþjónustu gegn greiðslu. Ríkið hafi aðeins tök á stífu kerfi sem sé opið frá 9 til 5. SÍÐA 10

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

## Framsóknarmenn kjósa forystu fyrir kosningar

**STJÓRNMÁL** Kjósa á um forystu Framsóknarflokksins á flokksþingi í haust, fyrir kosningar. Kjördæmisþing Framsóknarflokksins í suðvesturkjördæmi samþykkti tillögu þess efnis í gærkvöld. Þar með er miðstjórn Framsóknarflokksins skylt að boða til flokksþings á fundi sínum 10. september, þar sem búið er að samþykkja það í meirihluta kjördæma. Fyrir höfðu kjördæmisþing norðvesturkjördæmis og suðurkjördæmis samþykkt sambærilega tillögu.

Slík tillaga var hins vegar felld í norðausturkjördæmi, kjördæmi Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar formanns flokksins. Sigmundur greiddi sjálfur atkvæði gegn boðun flokksþings. Tillagan í gær var samþykkt með tveimur þriðju atkvæða. Ekki er einhugur um flokksþing innan forystusveitar flokksins en bæði Sigurður Ingi Jóhannsson, forsætisráðherra og varaformaður flokksins, og Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra hafa talað fyrir flokksþingi fyrir kosningar.



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins

Flokksþinginu er einnig falið að móta stefnu flokksins fyrir kosningar sem fara eiga fram 29. október. **–ih**

### Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Þórlindur Kjartansson skrifar um Ögmund á táslunum. 15

**SPORT** Körfuboltarisinn Ragnar Nathanaelsson hefur samið við spænska liðið Caceres. 16

**LÍFIÐ** Heldur þrenna útgáfutónleika. 30

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **ENDURSKOÐUN OG BÓKHALD**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Norðaustan 5-10 norðvestan til á landinu, annars hægari vindur. Dálítil væta á norðanverðu landinu en á sunnanverðu landinu gætu sést almennilegir skúraklakkar með öflugum skúrum og skruggum. SJÁ SÍÐU 22

# Tvær konur vilja í forystu

**STJÓRNMÁL** Sigríður Á. Andersen, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, gefur kost á sér til að leiða lista Sjálfstæðisflokksins í öðru hvoru Reykjavíkurkjördæmanna.

„Ég tel mikil tækifæri fyrir okkur sjálfstæðismenn í Reykjavík og ég hef náð ágætum árangri í mínum störfum á Alþingi í þeim málum sem ég hef látið mig varða og ég er tilbúin til, og tel mig geta gert það áfram,“ segir Sigríður



**Sigríður Á. Andersen alþingismaður**

Aðspurð segist Sigríður telja að þetta sé í fyrsta sinn sem konum gefist færi á að leiða bæði kjördæmin í Reykjavík, en Ólöf Nordal, varaformaður flokksins, sækist einnig eftir að leiða annan hvorn listann. „En sjálf hef ég aldrei óskað eftir stuðningi við mig í nokkurt sæti af því að ég er kona,“ segir Sigríður.

Guðlaugur Þór Þórðarson tilkynnti í gær að hann gæfi kost á sér í annað sæti í prófkjörinu og sækist þannig einnig eftir því að leiða annan hvorn listann. **– jhh**

# 1,2 milljarða hagnaður af rekstri Eimskips

**VIÐSKIPTI** Hagnaður Eimskips nam 8,8 milljónum evra (tæpum 1.200 milljónum króna) á öðrum fjórðungi ársins en var 5,5 milljónir evra, (724 milljónir króna), á sama tíma árið á undan. Hann eykst því um tæp 59 prósent á milli ára. Hagnaður fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta, svokallaður EBITDA hagnaður, nam 16,2 milljónum evra (2.134 milljónum króna) en var 13,3 milljónir (1.752) á sama tímabili í fyrra. **– jhh**

# Stund milli stríða



Það getur verið erilsamt að starfa í lögreglunni, en sem betur fer gefst stundum tími til þess að fá sér sæti og slaka á. Þessir tveir lögreglumenn tóku því rólega á Lækjartorgi í gær og fengu sér kaffisopa um leið og þeir ræddu málin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ákvæði um auðlindir

**STJÓRNMÁL** Sigurður Ingi Jóhannsson forsætisráðherra lagði í gær fram á Alþingi frumvarp til stjórnskipunarlaga.

Athygli vekur að frumvarpið er lagt fram sem þingmannafrumvarp. Í frétt á vef stjórnarráðsins segir að það sé samhljóða tillögum þverpólitískrar stjórnarskrárnefndar sem afhentar voru forsætisráðherra í júlí síðastliðnum. Þar er lagt til að þrjár nýjar greinar bætist við stjórnarskrána, það er um umhverfisvernd, náttúruauðlindir og þjóðaratkvæðagreiðslur að kröfu kjósenda. **– jhh**



**Sigurður Ingi Jóhannsson forsætisráðherra**

# Gísli Pálmi beitti skyndihjálp á vin sinn

**Rapparinn Gísli Pálmi Sigurðsson beitti skyndihjálp á vin sinn er hann missti meðvitund aðfaranótt sunnudags. Annar maður lést sama kvöld. Lögregla rannsakar hvort lyfið fentanýl hafi komið við sögu í báðum málum.**

**SAMFÉLAG** Rapparinn Gísli Pálmi Sigurðsson beitti skyndihjálp á vin sinn er hann missti meðvitund í porti við spilastofuna Fredda í miðbænum aðfaranótt sunnudags. Töluvert hefur verið fjallað um mál tveggja manna en annar missti meðvitund aðfaranótt sunnudags og hinn lét lífið á heimili sínu nokkru síðar.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu rannsakar bæði málin en grunur leikur á að lyfið fentanýl hafi komið við sögu í báðum tilfellum. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu er rannsóknin langt á veg komin. Beðið er eftir niðurstöðum úr eiturefnarannsókn. Þá á eftir að yfirheyra nokkur vitni.

Mennirnir, annar fæddur árið 1990 og hinn árið 1992, þekktust og höfðu verið á skemmtistað í miðbæ Reykjavíkur með félögum sínum um kvöldið. Að sögn heimildarmanna Fréttablaðsins þekkti Gísli Pálmi báða mennina en hann var með tónleika umrætt kvöld. Sá sem missti meðvitund var á sviði með Gísla Pálma á tónleikunum en hann hefur lengi verið partur af teyminu hans.



Það var í þessu porti sem maðurinn missti meðvitund. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Að sögn sjónarvotta sem Fréttablaðið ræddi við beitti Gísli Pálmi skyndihjálp á vin sinn er hann missti meðvitund. Sjúkraliðar komu á staðinn stuttu síðar og var maðurinn fluttur á slysadeild.

Tvö dauðsföll í ár má rekja til fentanýls að frátöldu atvikinu um síðustu helgi. Fentanýl er rótsterkt lyfseðilsskylt verkjalyf sem selt er í plástraformi. Það er skylt morfíni en er hundrað sinnum sterkara og fimmtíu sinnum sterkara en heróín. Lyfið hefur slævandi áhrif og er

**» Tvö dauðsföll í ár má rekja til fentanýls að frátöldu atvikinu um síðustu helgi. Lyfið er rótsterkt og lyfseðilsskylt verkjalyf.**

ávanabindandi. Þeir sem misnota lyfið bræða plástrana og reykja þá eða sprauta efnunum í sig. Lyfið er ætlað fólki sem glímir við langvinna verki og er til að mynda notað af krabbameinssjúklingum við verkjum, sem og við líknandi meðferð.

Misnotkun fentanýls hefur færst í aukana undanfarið og þá sérstaklega í Bandaríkjunum þar sem rekja má tugi dauðsfalla til notkunar lyfsins síðustu mánuði. Umræðan komst í hámæli þegar greint var frá því að poppstjarnan Prince hefði látist af ofneyslu fentanýls í maí síðastliðnum.

Ekki náðist í Gísla Pálma við vinnslu fréttarinnar þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. **nadine@frettabladid.is**


ÚTSALA

LANDMANN gasgrill 3ja brennara

Skoðið útsöluna á www.grillbudin.is




FULLT VERÐ 49.900

39.900

• Afl 10,5 KW
• 3 brennarar úr ryðfríu stáli
• Postulínsemalerað eldhólf
• Postulínsemaleraðar grillgrindur
• Niðurfellanleg hliðarborð
• Kveiking í öllum tökkum
• Hitamælir í loki
• Postulínsemalerað efri grind
• Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu

LANDMANN 50 ÁRA

Nr. 12220

Grillbúðin

Smiðjuvegi 2, Kópavogi - (við hliðina á Bónus) - Sími 554 0400




VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Á NÝJUM BMW X1

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Fara á yfir fjárfestingasögu aðstandenda einkaspítala í Mosfellsbæ

**HEILBRIGÐISMÁL** Bæjarráð Mosfellsbæjar hefur samþykkt að láta skoða stöðu og fjárfestingasögu aðstandenda fyrirhugaðs einkaspítala í bænum. Kanna á hvort bæjaryfirvöldum hafi verið gefnar réttar upplýsingar um verkefnið.

Mosfellsbær samdi um að leigja félaginu MCPB ehf. lóð undir einkarekinn spítala og hótel við land Sólvalla nærri Hafravatni. Fela á endurskoðendum bæjarins eða öðrum ábyrgum aðila að kanna hvort upp gefnar upplýsingar um verkefnið séu réttar.

Sigrún H. Pálsdóttir, fulltrúi Íbúahreyfingarinnar í bæjarráði, gagnrýnir að gerður hafi verið samningur við MCPB fyrr í sumar án þess að fjárhagslegir burðir félagsins hafi verið kannaðir. Of seint væri að fara í slíka athugun nú þar sem búið væri að semja um leigu á lóðinni.

Íslenskir aðilar hættu við aðkomu að verkefninu fyrir tveimur vikum þar sem Hollendingurinn Henri Middeldorp, forsvarsmaður verkefnisins, var ekki tilbúinn að upplýsa hvaða fjárfestar stæðu að því.

Fulltrúar Samfylkingarinnar viðurkenndu í bókun fyrir bæjarstjórn þann 17. ágúst að undirbúa hefði átt málið betur áður en gengið var til samninga. Þeir telja þó hagsmuni bæjarins tryggða með fyrirvörum í samningnum. – ih



Henri Middeldorp, stjórnarformaður MCPB, og Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar, handsöluðu samkomulag um lóð fyrir einkaspítala fyrr í sumar.




Lögreglukonur í London með hídjab um höfuðið. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Konur í skosku lögreglunni fá að bera hídjab

**BRETLAND** Yfirstjórn skosku lögreglunnar gaf í vikunni út heimild til þess að lögreglukonur beri hídjab, höfuðklút að hætti múslima, við störf sín.

Phil Gormley lögreglustjóri segir í tilkynningu að með þessu verði lögregluliðið hæfara til þess að sinna störfum sínum í samfélaginu.

Fahad Bashir, formaður félags skoskra lögreglumanna, segist sannfærður um að konur, sem eru íslamskrar trúar, muni nú frekar sækja í störf hjá lögreglunni.

Athygli vekur að ákvörðunin er tekin meðan umræða er í hámarki um að nokkrar borgir í Frakklandi hafa bannað konum að klæðast svokölluðum búrkíní-sundfötum.

Meira en áratugur er síðan lögreglan í London tók ákvörðun um að leyfa konum að bera höfuðbúnað að hætti múslima. – gb

## Áhyggjur af hraðakstri

**UMFERÐ** Hátt í 200 ökumenn hafa verið staðnir að hraðakstri við grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu undanfarna daga. Fjöldi kvartana hefur borist frá áhyggjufullum foreldrum til lögreglunnar vegna þessa. Þetta kemur fram í tilkynningu sem lögreglan sendi frá sér í gær. Lögreglan telur því fulla ástæðu til að minna ökumenn á að aka hægar og sýna meiri tillitssemi. – bs

# Laxeldið gæti framleitt meira en íslenskur landbúnaður

**Fimmtán þúsund tonn af eldislaxi framleidd á þessu ári. Útlendingar sýna eldi hér á landi áhuga. Framkvæmdastjóri Landssambands fiskeldisstöðva segir það jákvætt. Norðmenn verji mestu í rannsóknir.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Í ár verða framleidd við Íslandsstrendur um fimmtán þúsund tonn af eldislaxi og er það mat Landssambands fiskeldisstöðva að innan þriggja ára gæti slátrun eldisfisks hér á landi orðið meiri en samanlögð kjötframleiðsla landsins. Norska fyrirtækið NRS hefur keypt helming hlutafjár í fyrirtækinu Arctic Fish á rúma 3,7 milljarða króna og mun koma að starfsemi fyrirtækisins hér á landi.

NRS í Noregi slátraði um það bil 27 þúsund tonnum í fyrra, eða um það bil tvöföldu því magni sem öll fyrirtækin á Íslandi framleiddu. Fyrirtækið er nokkuð stórt, með um 132 starfsmenn og framleiðir lax í sjókvíum á þrjátíu og fimm stöðum við strendur Noregs. Fyrirtækið er skráð í kauphöll og er í dreifðri eign en 20 stærstu hluthafarnir eiga samtals 85 prósenta hlut í fyrirtækinu og á sá stærsti um 15 prósent. Fyrirtækið komst í fréttirnar fyrir nokkrum árum þegar eldisfiskur úr kvíum þess slapp í Alta-ána í Finnmörku, eina frægustu laxveiðiá í okkar heimshluta.

„Við teljum afar jákvætt fyrir greinina að erlendir aðilar, sem hafa áratuga langa reynslu af eldi, skuli sýna íslensku fyrirtækjunum áhuga. Engin þjóð ver meira fjármagni og mannafla í rannsóknir, þróun búnaðar og umhverfismál fiskeldis en einmitt Norðmenn. Þess vegna er það mikill akkur fyrir okkur að fá þá til liðs við greinina,“ segir Höskuldur Steinarsson, framkvæmdastjóri Landssambands fiskeldisstöðva.

Orri Vigfússon, formaður NASF, félags sem vill vernda Norður-Atlantshafslaxinn, sagði í viðtali við Fréttablaðið í gær að norsk fyrirtæki væru hingað komin til að ásælast nánast ókeypis aðstöðu í íslenskum fjörðum, mun ódýrari en í Noregi. Þessu vísar Höskuldur á bug. „Okkur þykir afar miður að Norðmenn skuli gerðir tortryggilegir eins og skilja má á orðum Orra Vigfússonar. Aðkoma Norðmanna er staðfesting á því að frumkvöðlarnir á Íslandi voru og eru á réttri braut.“

Ef laxeldi nær að vaxa og dafna eins og spár gera ráð fyrir er ljóst að atvinnugreinin mun velta miklum fjárhæðum á sama tíma og hún nýtir sér íslenska náttúru og gæði sem ekki eru endalaus. Því vaknar sú spurning hvernig skattlagningu á þessi fyrirtæki verði háttað í framtíðinni. „Það hefur ekki verið horft til þess síðustu ár að fyrirtækin greiði einhvers konar auðlindagjald. Það er auðvitað spurning hversu mikið á að skattleggja fyrirtæki og við þurfum að skoða það vandlega áður en farið er í það að íþyngja fyrirtækjum með frekari skattheimtu,“ segir Jón Gunnarsson, formaður atvinnuveganefndar Alþingis. sveinn@frettabladid.is



Byggð á Vestfjörðum gæti styrkst verulega ef áform um laxeldi í vestfirskum fjörðum heppnast.

> Okkur þykir afar miður að Norðmenn skuli gerðir tortryggilegir eins og skilja má á orðum Orra Vigfússonar.



Höskuldur Steinarsson, framkvæmdastjóri Landssambands fiskeldisstöðva

LYFJA
– Lifið heil

Lægra verð í Lyfju

15% afsláttur

Afslátturinn gildir af:
204 stk. pökkum
Öllum bragðtegundum
Öllum styrkleikum




Lyfjaauglýsing

**SYNC** *samskiptakerfi með*
***Bluetooth*** *og* ***neyðarhringingu***
*er nú staðalbúnaður*




# NÝR FORD FIESTA

> Ford Fiesta er mest seldi smábíll Evrópu. Það kemur ekki á óvart því útlitið er rennilegt og staðalbúnaðurinn glæsilegur. Þar á meðal er SYNC samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringingu í 112.

Hann höfðar jafnt til þeirra sem kunna að meta framúrskarandi akstursánægju og þeirra sem velja sparneytni og öryggi.

Fiesta er fáanlegur með margverðlaunuðu EcoBoost vélinni sem hefur verið valin vél ársins (International Engine of the Year), þrjú ár í röð.

**Upplifðu frábæra aksturseiginleika Ford Fiesta, mest selda smábíls Evrópu - komdu og prófaðu**

## FORD **FIESTA**

BEINSKIPTUR
FRÁ **2.390.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR
FRÁ **2.740.000** KR.

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Kynntu þér Ford Fiesta betur: Hiti er í framsætum og 4,2'' TFT upplýsingaskjár í mælaborði. Farangursrýmið er einstaklega rúmt (290 lítra). $CO_2$ gildin eru óvenu lág fyrir bensínvél. Beinskiptur Fiesta fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur. Ford MyKey, brekkuaðstoð og EasyFuel er staðalbúnaður. Öryggispúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns. Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna sem er afar hentugt á köldum vetrarmorgnum! ◆ Ford Fiesta, bensín 65 hö/EcoBoost 100 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. $CO_2$ 99 g/km. ◆ Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. $CO_2$ 114 g/km. ◆ Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# Hagnaður var undir væntingum

**VIÐSKIPTI** Hagnaður Sjóvár-Almennra trygginga á fyrri helmingi ársins nam 709 milljónum króna á fyrri helmingi ársins, samanborið við 1.380 milljónir króna árið á undan.

Hermann Björnsson, forstjóri fyrirtækisins, segir í afkomutilkynningu að árangur aðgerða sem farið hefur verið í til að bæta reksturinn skili sér á lengri tíma ásamt því að tjónatíðnin sé enn há.

„Við þessar kringumstæður hafa fjárfestingartekjur skapað megnið af þeim hagnaði sem verður til. Þróun markaða til áramóta mun ráða miklu um endanlega niðurstöðu,“ segir Hermann.

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri VÍS, segir að afkoma félagsins hafi einnig verið undir væntingum, bæði í vátryggingastarfsemi og fjárfestingastarfsemi. Hagnaður VÍS á fyrri helmingi ársins nam tæpum 238 milljónum samanborið við 1.419 milljónir á sama tíma í fyrra. **– jhh**

**709**

**milljónir króna var hagnaður Sjóvár Almennra á fyrri helmingi ársins**

## Kanslaranum mótmælt í Tékklandi




**Kanslara Þýskalands, Angelu Merkel, var mótmælt mikið í Prag í Tékklandi í gær. Merkel var í eins dags heimsókn í landinu. Þar hitti hún Milos Zeman, forseta Tékklands, og Bohuslav Sobotka forsætisráðherra. Framtíð Evrópusambandsins eftir Brexit var til umræðu.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**Mikið er af fugli undir Eyjafjöllum ár hvert og safnast fuglinn saman þar áður en haldið er á vetrarstöðvar á Bretlandseyjum.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Gæsastofnar sögulega stórir og veiði byrjar vel

**NÁTTÚRA** Gæsaveiðitímabilið virðist fara vel af stað að sögn skotveiðimanna. Veiðitímabil grágæsar og heiðagæsar hófst þann 20. ágúst.

„Tíðarfarið í sumar hefur verið afar gott og hagstætt gæsinni og þetta virðist fara allt vel af stað heyrist manni á veiðimönnum sem maður hefur náð tali af,“ segir Dúi Landmark, formaður Skotvís. „Stofnarnir eru sterkir og þola mikið veiðiálag svo þetta lítur vel út.“

Arnór Þórir Sigfússon dýrafræðingur hefur aldursgreint veidda fugla á Íslandi síðan 1993 með því að fá senda til sín vængi til skoðunar. Hann segir stofnana aldrei hafa verið jafn stóra. „Þeir líta mjög vel út. Heiðagæsastofninn er í um hálfri milljón fugla þegar fuglinn fer til Bretlandseyja og þá erum við búin að veiða úr stofninum hér á landi. Grágæsastofninn er í um 100 þúsund fuglum við komuna til Bretlands seint á haustin. Þá höfum við veitt um 40 þúsund fugla. Þannig að við erum að veiða mikið úr stofninum en varpið hefur verið mjög gott og stofninn stendur undir þessu,“ segir Arnór Þórir.

Dúi segir flesta veiðimenn vera hófsama í veiðunum og að ákveðin vitundarvakning hafi orðið meðal veiðimanna síðustu ár. Færri veiðimenn stundi magnveiði. „Þessi stemning hefur breyst undanfarið. Langflestir eru að veiða fyrir sig og sína og eru mjög sáttir við að vera með 10 til 15 fugla þegar veiðitímabilinu lýkur og geta þá gert vel við vini og vandamenn. Auðvitað er það svo að einhverjir eru í þessu veitingastaðaskytteríi ef hægt er að kalla það svo, en þeir eru mjög fáir,“ segir Dúi. **sveinn@frettabladid.is**

> **Tíðarfarið í sumar hefur verið afar gott og hagstætt gæsinni og þetta virðist fara allt vel af stað sýnist manni á veiðimönnum sem maður hefur náð tali af.**



Dúi Landmark kvikmyndagerðarmaður

# Störfum fyrir háskólafólk fjölgar ekki nóg

**Forstjóri Vinnumálastofnunar segist finna fyrir mikilli eftirspurn eftir starfsfólki. Atvinnuleysi er það minnsta frá 2008 og búist er við að það haldist lítið áfram. Störfum fyrir háskólamenntað fólk fjölgar ekki í takt við önnur.**

**ATVINNA** Atvinnuleysi hefur minnkað í takt við það hlutfall fyrirtækja sem telur skort á starfsfólki. Þetta segir Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar. „Við finnum fyrir gríðarlegri eftirspurn eftir fólki og atvinnuleysi er komið niður í það sem það var á svipuðum tíma og eftirspurnin var síðast svona mikil,“ segir Gissur.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að tvöfalt hærra hlutfall fyrirtækja telur skort á starfsfólki í sumar miðað við í fyrrasumar. Frá því er sagt í Peningamálum Seðlabankans en um 42 prósent fyrirtækja töldu skort á starfsfólki. Þá hefur hlutfallið ekki verið hærra frá því í lok árs 2007.

Til samanburðar hefur atvinnuleysi ekki verið jafn lítið og nú í lok júlí, um tvö prósent, eða 3.937 manns, frá því í september 2008 þegar 2.520 voru skráðir atvinnulausir.

Gissur segir eftirspurn bundna við ákveðnar greinar þar sem vöxtur hafi verið sem mestur. Bæði ferðaþjónustu og byggingariðnað. Samkvæmt könnun Gallup sem birtist í Peningamálum Seðlabankans töldu sextíu prósent fyrirtækja í byggingariðnaði sig búa við skort á starfsfólki.

Í síðustu viku greindi Fréttablaðið frá því að veitingastöðum á landinu gengi mörgum illa að ráða til sín starfsmenn með reynslu af framreiðslustörfum eða matreiðslu. Sömuleiðis væri verulegur skortur á starfsfólki í fjölmörgum sviðum atvinnulífsins að sögn framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins, hagfræðings ASÍ, formanns Rafiðnaðarsambands Íslands og formanns Matvæla- og veitingafélags Íslands.

Þó segist Gissur sakna eftirspurnar eftir fólki í greinum fyrir háskólamenntaða. „Það er áhyggjuefni að framboð af fólki með lengri menntun er mikið og eykst en störfunum, sem þessu fólki standa til boða, fjölgar ekkert í samhengi við annan vöxt,“ segir Gissur.

Hann segir að hann yrði glaður ef fyrirtæki „sæju sér sóknarfæri í að ráða til sín betur menntað fólk sem finnur upp á einhverju nýju sem hægt er að græða á“.

Þróun atvinnuleysis segist hann sjá fyrir sér að haldi áfram á sömu nótum, það muni minnka. „Ég veit svo sem ekki hversu lágt niður það getur farið en þetta er allt merki um mikla eftirspurn og þenslu. Við sjáum ekki fram á annað en að atvinnuleysi verði áfram lítið og eftirspurnin mikil,“ segir Gissur. **thorgnyr@frettabladid.is**



**Mikill skortur er á starfsfólki í byggingariðnaði en um sextíu prósent fyrirtækja segjast líða slíkan skort.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**2%**

**prósent mælist atvinnuleysi á Íslandi**

> **Við finnum fyrir gríðarlegri eftirspurn eftir fólki og atvinnuleysi er komið niður í það sem það var á svipuðum tíma og eftirspurnin var síðast svona mikil.**



Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 78190 08/16




**Er Orlando þín borg?**

Það er fjör fyrir alla fjölskylduna í Orlando. Sundlaugar fyrir orkuboltana og kokteilar fyrir fullorðna fólkið. Golf og grillveislur frá morgni fram á kvöld.

Bentu í vestur. Orlando bíður eftir þér.

2 | Þú getur tekið tvær töskur með þér á leiðinni til og frá Norður-Ameríku.

ICELANDAIR

* Innifalið: Flug aðra leiðina og flugvallarskattar.

# Leggja niður vopn en sleppa við fangelsi

FARC-skæruliðarnir í Kólumbíu hafa undirritað friðarsamkomulag við Kólumbíustjórn eftir að hafa staðið í hernaði í meira en hálfa öld. FARC-liðar lofa að leysa upp fíkniefnaiðnað sinn en sleppa við fangelsi játi þeir afbrot sín. Samkomulagið fer í þjóðaratkvæði.

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is



**KÓLUMBÍA** „Stríðinu er lokið,“ sagði Humberto de la Galle, samningafulltrúi Kólumbíustjórnar, þegar hann undirritaði friðarsamkomulag við FARC-skæruliðahreyfinguna.

Stjórnin hefur í meira en hálfa öld átt í stríði við FARC-hreyfinguna. Átökin hafa kostað meira en 200 þúsund manns lífið. Milljónir manna hafa hrakist að heiman vegna þeirra og fjölmargir verið teknir í gíslingu um lengri eða skemmri hríð.

„Það er kominn tími til að gefa friðnum tækifæri,“ sagði de la Galle.

Samningarnir voru undirritaðir á Kúbu, að viðstöddum fulltrúum Kúbustjórnar og fulltrúum frá Noregi, sem hefur haft milligöngu um samningaviðræðurnar síðustu fjögur árin.

Við undirritun samninganna sagði Ivan Marquez, aðalsamningamaður FARC-hreyfingarinnar, sigur vera unninn í fegursta bardaga allra bardaga, nefnilega baráttunni fyrir friði í Kólumbíu: „Vopnaðri baráttu lýkur og barátta hugmyndanna hefst,“ sagði hann.

Til þess að samningurinn taki gildi þarf að samþykkja hann í þjóðaratkvæðagreiðslu, sem haldin verður 2. október.

„Þetta verða mikilvægustu kosningarnar í lífi okkar,“ sagði Juan Manuel Santos, forseti Kólumbíu.



Íbúar Kólumbíu fylgdust með beinni útsendingu frá Havana á Kúbu þegar samningarnir voru undirritaðir. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

> **Vopnaðri baráttu lýkur og barátta hugmyndanna hefst.**
>
> Ivan Marquez, aðalsamningamaður FARC-hreyfingarinnar

Ekki eru þó allir sáttir. Alvaro Uribe, fyrrverandi forseti Kólumbíu, segir samninginn í raun gefa FARC-hreyfingunni landið. Hann hvetur kjósendur til þess að hafna samningnum.

„Það tók þau fjögur ár að afhenda FARC allt heila klabbið,“ hefur breska dagblaðið The Guardian eftir Ernesto Macaias, flokksbróður Uribes. „Þau hefðu getað gert það á einum degi.“

Samningarnir fela í sér skaðabætur til fórnarlamba hreyfingarinnar. Einnig verða settir upp sérstakir dómstólar til að fjalla um afbrot liðsmanna hennar. Þeir sem játa afbrot sín sleppa við fangelsisdóm en þurfa að sinna samfélagsþjónustu í staðinn.

Þá samþykkti Kólumbíustjórn að hefja þróunarvinnu og uppbygginu í landbúnaðargeiranum, ásamt því að auðvelda smærri samtökum þátttöku í stjórnmálum.

Á móti heitir FARC-hreyfingin því að leggja niður fíkniefnaframleiðslu sína og leysa upp fíkniefnasölukerfið, sem hefur verið helsta tekjulind hennar í áratugi. gudsteinn@frettabladid.is

## Hálfrar aldar saga

**1964**
**Manuel Marulanda,** nefndur Sureshot, stofnar FARC-samtökin með byltingarhreyfingu Fidels Castro á Kúbu sem fyrirmynd.

**1966**
Kommúnistaflokkur Kólumbíu gerir **FARC** að vopnuðum armi sínum.

**1984**
**Vopnahlé samþykkt.**

**1987**
**Vopnahléð** fer út um þúfur eftir að forsetaframbjóðandi, sem var tengdur FARC, er myrtur.

**1991**
Aftur reynt að hefja **friðarviðræður.** Þær renna út í sandinn árið eftir.

**1996**
FARC-hreyfingin tekur **60 kólumbíska** hermenn í gíslingu.

**1999**
Enn er reynt að hefja **friðarviðræður.**

**2001**
**Friðarviðræðum** hætt eftir að FARC rænir flugvél með 24 farþegum.

**2002**
**Ingrid Betancourt** þingkona tekin í gíslingu. Kólumbískir hermenn frelsuðu hana sex árum síðar.

**2006**
**Fernando Araujo,** fyrrverandi ráðherra, sleppur úr gíslingu eftir sex ár í haldi FARC-hreyfingarinnar.

**2008**
**Manuel Marulanda,** stofnandi og leiðtogi FARC, deyr af völdum hjartaáfalls.

**2011**
**Timoleon Jiminez,** nefndur Timochenko, tekur við forystu hreyfingarinnar.

**2012**
**Formlegar friðarviðræður** hefjast á Kúbu.

**2015, 15. desember**
**Samningur undirritaður** um skaðabætur og sanngjörn málalok fyrir fórnarlömb.

**2016, 23. júní**
Samningur um **vopnahlé** undirritaður.

**24. ágúst**
**Friðarsamkomulag** undirritað.

**2. október verður haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um friðarsamningana**





## Volkswagen atvinnubílar

Það er engin tilviljun að Volkswagen atvinnubílar hafa verið vinsælustu atvinnubílar á Íslandi undanfarin ár. Auðugt vöruúrval sameinar eiginleika Volkswagen sem ná til áreiðanleika og hámarksgæða fyrir hagstætt verð. Fjölbreyttar útfærslur eru sniðnar að ólíkum þörfum viðskiptavina svo allir geta fundið sér bíl við sitt hæfi.

Komdu við hjá sérfræðingum okkar að Laugavegi 174 og kynntu þér úrvalið í einni fjölhæfustu fjölskyldu landsins.

**HEKLA býður gott úrval atvinnubíla og góða þjónustu.**

Volkswagen Amarok verð frá:
**5.840.000** (án vsk 4.709.677)
Volkswagen Crafter verð frá:
**5.700.000** (án vsk 4.596.774)
Volkswagen Caddy verð frá:
**2.670.000** (án vsk 2.153.226)
Volkswagen Transporter verð frá:
**4.590.000** (án vsk 3.701.613 )

Atvinnubílar

www.volkswagen.is

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði




**Við kynnum nýjan Volkswagen Tiguan.** Skarpari hönnun, ríkulegra innanrými og ótal tækninýjungar sameinast í þessum frábæra bíl sem hægt er að fá með allt að 240 hestafla vél. **Komdu og prófaðu nýjan Tiguan.** Við tökum vel á móti þér.

**VW Tiguan, fjórhjóladrifinn og sjálfskiptur, verð frá:**

**5.890.000 kr.**

Til afhendingar strax!

Volkswagen

www.volkswagen.is

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# FÖSTUDAGSVIÐTALIÐ

Snærós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is





> Konur hugsa alls konar og eitt skrefið í átt að jafnrétti er að viðurkenna það. Konur eru ekki alltaf með rauða rós á koddanum, búnar að varalita sig, að bíða eftir prinsi á hvítum hesti.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

# Niðurlægjandi fyrir konur að segja stjórnmál of átakamikil

**Hildur Sverrisdóttir borgarfulltrúi tekur ekki undir það að átakastjórnmál henti konum illa. Vill á þing til að klára skýr mál Sjálfstæðisflokksins. Viðskipti með velferðarmál geti boðið fólki upp á betri kost en ríkið.**

Báðir mínir foreldrar eru kennarar, bjuggu í Svíþjóð og voru svona þessir týpísku jafnaðarmenn. Ég var kannski með hugmyndir um að allir sem ættu peninga væru einhvern veginn síðra fólk. Að það væri ekkert sérstaklega mikilvægt og peningar væru alltaf eitthvað vont sem þyrfti að setja hömlur á. En svo fór ég í laganám og þá fer maður að hugsa öðruvísi, hugmyndir manns um réttlæti breytast. Hvort réttlæti sé eitthvað sem er í tísku hverju sinni eða hvort það sé þetta kerfislega réttlæti sem er hlutlægt og allir geta gengið að vísu? Ég var fasineruð af þessum hugmyndum og átti alltaf erfiðara með að rökstyðja ýmislegt sem ég hafði haldið fram í gegnum árin," segir Hildur Sverrisdóttir borgarfulltrúi og frambjóðandi í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins.

Hildur er ein af þeim fyrstu til að ganga í flokkinn eftir hrun. „Umræðan var svo ýkt og í þá átt að allir einstaklingar væru ómögulegir og ekki treystandi. Að öll einkafyrirtæki væru ómöguleg og að í raun væri allt sem ekki væri ríkisvætt ómögulegt. Ég fann að þá kom augnablikið þar sem ég varð pínu stressuð með það hvert við ætluðum að fara með þetta samfélag. Ég man bara tilfinninguna þegar ég hugsaði að við værum ekki að fara að ríkisvæða okkur út úr einhverjum vanda."

**Fordómar vinstra megin**

„Ég lít ekki á það sem mitt hlutverk að troða ofan í kokið á fólki hvað því á að finnast. Það er mitt hlutverk að segja það sem mér finnst og ég reyni að gera það eins vel og ég get. Ég held að það sé kostur fyrir mig sem pólitíkus að hafa alist upp í öðru umhverfi og þekkja svona marga sem aðhyllast aðrar skoðanir því fyrir mér eru þær kannski ekki jafn framandi. Mér finnst oft meiri fordómar frá vinstri yfir til hægri en öfugt og hef verið hugsi yfir því hvernig hópur fólks lengst til vinstri, sem er mjög upptekið af því að vera fordómalaust gagnvart samkynhneigð eða trúarbrögðum, sem er gott og blessað, er mjög snöggt að vera með fordóma gagnvart einhverjum sem á pening."

Hildur kynntist fordómum þegar hún ákvað að gefa fantasíur íslenskra kvenna út á bók og hlaut gagnrýni fyrir. „Það voru þarna augnablik þar sem mér fannst augljóst að ég væri hægri kona að stíga inn á vettvang sem ekki var mikil stemning fyrir að ég stigi inn á. Ég myndi veðja peningunum mínum á að ef ég hefði verið einhver önnur kona og sagt nákvæmlega orðrétt það sem ég sagði, en hefði verið í öðrum kreðsum, þá hefði ég ekki fengið svona mikla gagnrýni."

**Fantasíur kvenna**

Gagnrýnin snerist meðal annars um þann möguleika að karlar fengju birtar sögur í bókinni.

„Ég var þarna í pínu klípu, ég get alveg viðurkennt það. Ég eyddi mörgum vikum í að hugsa hvernig ég myndi gera þetta sem best þannig að sögurnar væru sem sannastar. Ég var búin að vinna heilmikla rannsóknarvinnu og studdist við alþjóðlegar rannsóknir og viðmið. Ég hafði tékklista, sem ég talaði aldrei um opinberlega, og svo treysti ég mér til að vinsa úr það sem ég taldi trúanlegt og hvað ekki."

Úr varð að Hildi bárust á þriðja hundrað sögur. „Ég var mikið gagnrýnd fyrir að þetta yrðu bara sögur frá dónakörlum og konum yrði þá brigslað um að hugsa svona. En mér fannst þessi gagnrýni svo frábær því í henni kristallaðist það sem ég var að reyna að vinna gegn. Hvað var þessi gagnrýni að segja? Að konur hugsi ekki neitt svona. Konur hugsa alls konar og eitt skrefið í átt að jafnrétti er að viðurkenna það. Konur eru ekki alltaf með rauða rós á koddanum, búnar að varalita sig, að bíða eftir prinsi á hvítum hesti."

Síðar hélt Femínistafélag Íslands fund um bókina og bókina 50 Shades of Grey. „Þarna voru ýmsir kallaðir til í pallborðið en ekki ég. Til að gera langa sögu stutta þá horfði ég á PowerPoint-kynningu um bókina mína með alls konar fræðilegum athugasemdum, um útlitsdýrkun og svo framvegis. Því var velt upp hvort það gæti staðist að konur fantaseruðu um hitt og þetta. Þegar ég fékk orðið gat ég loks svarað einhverjum af þeim spurningum sem komu upp.

Konurnar á fundinum mega eiga það að þær komu til mín eftir á og báðu mig á einn eða annan hátt afsökunar. Ég skal viðurkenna að dagana á eftir beið ég kannski í þeirri von að einhver þeirra myndi koma því í orð opinberlega, miðað við hvað einhverjar þeirra höfðu verið skoðanaglaðar og jafnvel orðljótar. Ég er mjög stolt af því hvernig mér fannst ég hafa staðið í lappirnar í þessu."

**Samvinnuflokkar þurrkast út**

Það vakti athygli í vikunni þegar Ögmundur Jónasson þingmaður sagði í þættinum Vikulokunum á Rás 2 að konur nýttu sér tal um hvað það væri erfitt að vera kona í stjórnmálum sér til framdráttar.

„Sem kona þá skiptir eiginlega engu máli hvar þú ert en það koma alltaf augnablikin þar sem maður finnur að núna sé verið að tala við mann öðruvísi af því að maður er kona. Ég verð að viðurkenna, að því sögðu, að ég verð stundum hugsi yfir því þegar það er fullyrt fyrir hönd allra kvenna hvernig okkur líður. Ég hef heyrt oftar en einu sinni fullyrt að konur veigri sér við að fara í stjórnmál því umhverfið henti þeim ekki. Ég kvitta bara ekkert upp á það.

Mér finnst við tala konur svo mikið niður með því að segja að pólitík, og það að takast á og vera í því sem henni fylgir, henti konum ekki. Það er bara niðurlægjandi fyrir konur. Mér finnst ekki að við eigum að skikka stjórnmálin í einhvern fasa af því að fólk nenni ekki lengur að hlusta á annað fólk rífast."

Hún bendir á að Björt framtíð, sem sé dæmi um nýja tíma í pólitík, sé að þurrkast út af þingi. „En svo koma Píratar og kveikja í hlutum í pontu og standa bara þarna og öskra og þeir rjúka upp. Mér finnst að pólitíkin eigi að fá að vera pólitík. Að ýja að því að það sé ekki kvenna – ég vil setja spurningarmerki við það."

**Viðskipti með velferð**

Nú vill Hildur spreyta sig á Alþingi „Við erum búin með þessi eftirhrunsár en núna stöndum við frammi fyrir því hvort við ætlum að þora að taka þau erfiðu skref að fylgja þessum stóru línum eins og til dæmis styttingu náms. Árið 2050 verða helmingi færri vinnandi hendur gagnvart eldri borgurum. Við verðum að auka útflutning á hugviti, stytta nám og hætta að útskrifast elst úr háskóla. Ég hef einlæga trú á því að það sé mikilvægt að Sjálfstæðisflokkurinn haldi áfram sínum ágætu skrefum í þessar áttir."

Hún nefnir að koma þurfi ferðamannamálum í almennilegt horf þar sem mest þjónusta fari í einkarekstur.

*Hvernig stendur þú þá varðandi einkarekstur í heilbrigðiskerfinu?*

„Ég held að það sé hægt að gera mun betur í því að bjóða upp á valfrelsi í velferðarmálum. Valfrelsi snýst um virðingu gagnvart til dæmis fólki sem er að eldast og vill gjarnan búa heima og stýra sinni þjónustu sjálft. Það sé ekki ríkisbragur á henni alltaf. Við sjálfstæðismenn höfum haft þá skoðun lengi að það sé í lagi, og það halli ekki á neinn, þó að við bjóðum upp á aukna þjónustu varðandi eitthvað sem þá kostar. Þessi tiltekna þjónusta hefði hvort sem er aldrei verið í boði hjá hinu opinbera en það væri hægt að kaupa sér aukaþjónustu og fá þannig peninga inn í kerfið til að standa betur að þeirri grunnþjónustu sem við viljum tryggja."

*En vill almenningur kerfi þar sem þeir sem hafa meira á milli handanna geta keypt sér betri þjónustu?*

„Vill almenningur kerfi þar sem aldrei má taka neina aðra snúninga. Það sé bara opið frá níu til fimm og þú færð þrif sem ná upp í einn metra og þrjátíu sentimetra en ekki hærra. Og að standa í biðröð? Við þekkjum alveg þetta kerfi og sjáum hvert það stefnir."

Það myndi þýða að einkaaðilarnir vilji peninga til baka líka. Þannig virka viðskipti.

„Algjörlega. Alveg eins og hér eru fyrirtæki og fólk sem er að fá hugmyndir og við stöndum í útflutningi á hugviti. Af hverju má ekki taka sömu hugmyndaauðgi og sköpun, taka áhættu og finna upp á einhverju nýju ef það heitir velferð og heilbrigðiskerfi? Við erum alltaf að tala um mikilvægi þess að fólk fái að taka áhættu og vera í viðskiptum til að á að halda því til streitu að ekkert af þessu megi gera ef það tengist heilbrigðiskerfinu."

**visir.is** Viðtalið má hlusta á í lengri útgáfu á Vísi, í hlaðvarpinu Föstudagsviðtalið.

# Við lækkum vexti!!!

Við fögnum lækkun stýrivaxta Seðlabanka Íslands sem gerir okkur kleift að bjóða enn lægri vexti á öllum Lykillánum og Lykilsamningum.

## Lægstu vextir 8,75%

30 1986 2016

Lykill er hluti af Lýsingu hf. | Ármúla 1 | 108 Reykjavík | S. 540 1700 | lykill.is | lykill@lykill.is

2015 Framúrskarandi fyrirtæki

Lykill fjármögnun

PIPAR\TBWA · SÍA

markhönnun ehf

# nettó

## Sparaðu með okkur

-34%



NAUTA RIB Y Í HEILU
LÍTIL STK, FROSIN - ERLENT
ÁÐUR: ~~2.998 KR/KG~~
**1.979** KR KG

-33%




KRYDDAÐ LAMBALÆRI
ÁÐUR: ~~2.078 KR/KG~~
**1.392** KR KG

*Allt fyrir grillveisluna*

-40%




KALKÚNAGRILLSNEIÐAR
ÁÐUR: ~~2.947 KR/KG~~
**1.768** KR KG

-30%




LAMBABÓGSTEIK
Í SVEPPAMARINERINGU
ÁÐUR: ~~3.498 KR/KG~~
**2.449** KR KG




LA BAGUETTE SNITTUBRAUÐ - 4 STK
ÁÐUR: ~~430 KR/PK~~
**349** KR PK




COCA COLA - 4 X 2 L
ÁÐUR: ~~1.036 KR/PK~~
**989** KR PK

-50%



MANGÓ
ÁÐUR: ~~498 KR/KG~~
**249** KR KG

NÝTT




NÝTT




LOYD GROSSMAN PASTASÓSUR - 350 ML
ÁÐUR: ~~399 KR/STK~~
**359** KR STK

SPIGADORO PASTA - 500 G
FUSILLI, PENNE RIGA, LINGUINE
ÁÐUR: ~~199 KR/PK~~
**179** KR PK

SPIGADORO PASTA - 500 G
FARFALLE SLAUFUR
ÁÐUR: ~~239 KR/PK~~
**215** KR PK

SPIGADORO PASTA - 500 G
HEILHVEITI FUSILLI
HEILHVEITI SPAGHETTI
ÁÐUR: ~~259 KR/PK~~
**233** KR PK

SPIGADORO LASAGNE
PLÖTUR - 500 G
ÁÐUR: ~~389 KR/PK~~
**350** KR PK

**Tilboðin gilda 25. – 28. ágúst 2016**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

*Tvö læri í pakka á dúndur verði*

-20%



LAMBALÆRI, STUTT - 2 STK
~~ÁÐUR: 1.498 KR/KG~~
**1.198 KR KG**

*Dúnmjúkar kjúklingalundir*

-34%



LAMBAKÓTILETTUR Í RASPI
~~ÁÐUR: 2.998 KR/KG~~
**1.979 KR KG**

-30%




DANPO KJÚKLINGALUNDIR
FROSNAR - 700 G
~~ÁÐUR: 1.689 KR/PK~~
**1.182 KR PK**

---

## Skipulagður snæðingur í skemmtilegu boxi frá sistema®



SISTEMA NESTISBOX
SAMLOKUBOX
**698 KR STK**

SISTEMA NESTISBOX
TO - GO, TVÍSKIPT
**589 KR STK**




SISTEMA SNARLBOX
TO - GO LÍTIÐ
**789 KR STK**



SISTEMA SNARLBOX
TO - GO STÓRT
**1.198 KR STK**

SISTEMA NESTISKUBBUR
ÞRÍSKIPTUR
**989 KR STK**



SISTEMA VATNSBRÚSI
330 ML TWISTER
**698 KR STK**

SISTEMA VATNSBRÚSI
460 ML TWISTER
**798 KR STK**

SISTEMA VATNSBRÚSI
800 ML GRIPPER
**998 KR STK**

**www.netto.is**

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

# Allir eru æði



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Listin hefur mikið að gefa okkur. Þegar vel tekst til þá auðgar hún andann, eykur með okkur samkennd og samhug, fræðir, þroskar, bætir og kætir. Listin er því mikilvæg samfélaginu og að sama skapi er samfélagið mikilvægt listinni. Þetta er forsenda þess að samfélagið leggi sitt af mörkum með stuðningi við listsköpun og þá er líka sjálfsagt að ætlast til þess að almenningur eigi greiðan aðgang að listinni. Vonandi sem flestum til góðs og gleði.

Það er blómlegt listalíf á Íslandi og af mörgu að taka. Þar á meðal eru alls konar listahátíðir sem byggja á fádæma dugnaði og sköpunarkrafti þeirra sem að þeim standa og njóta til þess oftar en ekki opinbers stuðnings og stuðnings íslenskra fyrirtækja. Ein af þessum skemmtilegu hátíðum er sviðslistahátíðin Everybody's Spectacular, sem gæti t.d. útlagst Allir eru æði, upp á okkar ástkæru og ylhýru tungu. Þessi hátíð er um margt æðisleg, enda er þar listrænt látæði í hávegum haft. Hátíðin er samansett úr tveimur hátíðum: Reykjavík Dance Festival og sviðslistahátíðinni Lókal. Þessar tvær hátíðir eiga sitthvað listrænt sameiginlegt og svo einnig þá þrá að vera útlenskar hátíðir fremur en íslenskar. Að minnsta kosti gefa þessar nafngiftir það til kynna, auk þess sem hátíðin sér ekki ástæðu til þess að bjóða upp á heimasíðu á íslensku heldur aðeins ensku.

Everybody's Spectacular er alþjóðleg hátíð í þeirri merkingu að hingað koma erlendir listamenn til þess að taka þátt og útlendingar sem vilja sjá og skoða það sem þar fer fram. Að mati aðstandenda er það forsenda þess að nefna sig upp á ensku og bjóða almenningi aðeins upplýsingar á ensku. Íslendingar eru vissulega margir æðislega góðir í ensku, ekki síst yngri kynslóðir, en það breytir því ekki að hátíðin fer fram á Íslandi og með stuðningi íslensks fjármagns. Það má því gera því skóna að hátíðin vilji gjarnan fá íslenska gesti og eiga í samræðu við íslenskt samfélag.

Það er því illskiljanlegt og í raun óþolandi að hátíðin skuli velja þá útilokun sem felst í því að vera á ensku fremur en íslensku. Rétt er að taka fram að miðað við efnistök og innihald heimasíðu hátíðarinnar ætti ekki að vera mikill kostnaðarauki af því að hafa hana á tveimur tungumálum. Dæmi um slíkt má sjá hjá Listahátíð í Reykjavík og Jazzhátíð Reykjavíkur. En ef þetta er raunverulega spurning um að velja þarna á milli þá er valið auðvelt. Þá er valið íslenska.

Listahátíð sem vill auðga samfélag sitt hlýtur að leitast við að tala til þess samfélags sem hana fóstrar. Íslenska er tungumálið sem við tölum sem fyrsta mál á Íslandi og það er órjúfanlegur hluti af því hvernig við hugsum og eigum í samskiptum frá degi til dags. Íslenska er líka hluti af því hvernig við njótum lista, hugsum um listir og tölum um listir. Það er því óskandi að aðstandendur hátíðarinnar Everybody's Spectacular átti sig á því að allir á Íslandi sem vilja fylgjast með og njóta lista á Íslandi eiga að geta kynnt sér það sem þar er í boði á íslensku. Þá munu þau líka fljótlega komast að því að íslenska er algjört æði.

> **Listahátíð sem vill auðga samfélag sitt hlýtur að leitast við að tala til þess samfélags sem hana fóstrar.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Dregið í dilka**
**Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtakanna, fer mikinn í nýjasta leiðara Bændablaðsins og gagnrýnir hvern þann sem andvígur hefur verið búvörusamningum, allt í senn Alþingi, hagsmunasamtök og bændur. Raunar hefur þeim bændum sem hafa þorað að gagnrýna samninginn opinberlega verið svarað fullum rómi hingað til. Það væri kannski fullfast að orði kveðið að segja Sindra hafa tæmt á túnin úr skítadreifaranum í þessum leiðara en hann hefur sannarlega dregið í dilka þá sem eru ósammála bændaforystunni. Nú er spurning hvernig þjarmað verður að þeim.**

**Smölunin**
**Píratar eru í vanda enn einu sinni vegna þess sem Úrskurðarnefnd Pírata hefur kallað smölun í Norðvesturkjördæmi. Oddviti flokksins þar fékk til liðs við sig fjölskyldu og vini, hátt í þrjátíu manns, til að kjósa sig alla leið á toppinn. Frambjóðandi Viðreisnar, Pawel Bartoszek, hefur bent á að fleiri leiðir voru notaðar til að hafa áhrif á kosninguna. Svo virðist sem nokkur fjöldi hafi haft áhrif á kosningu Ernu Ýrar Öldudóttur með því að kjósa hana markvisst í neðsta sæti listans. Erna tókst opinberlega á við þingmanninn Birgittu Jónsdóttur og svo var hún látin ganga plankann.**

**snaeros@frettabladid.is**

# Vinátta í verki



Lilja Alfreðsdóttir
utanríkisráðherra

Tuttugu og fimm ár eru í dag liðin frá sögulegum fundi í Reykjavík, þar sem stjórnmálasamband Íslands við Eystrasaltsríkin var formlega skjalfest. Fáeinum dögum áður hafði Ísland orðið fyrst ríkja til að viðurkenna sjálfstæði Eistlands, Lettlands og Litháens eftir að löndin höfðu sagt sig úr sambandi Sovétríkjanna. Athöfnin fór fram í Höfða, þar sem leiðtogar stórveldanna tveggja, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, höfðu setið fimm árum fyrr og lagt grunninn að endalokum kalda stríðsins. Þetta voru tímar sögulegra umbreytinga.

Endurheimt sjálfstæðis Eystrasaltsríkjanna átti sér nokkurn aðdraganda, samhliða því sem innviðir Sovétríkjanna veiktust. Vilji íbúa við Eystrasalt var ótvíræður eins og sást þegar tvær milljónir manna tókust í hendur og mynduðu nærri 700 kílómetra langa keðju milli höfuðborganna þriggja, Tallinn, Riga og Vilníus – tákn um órofa samstöðu – í ágúst 1989. Íslenskir ráðamenn fylgdust náið með þróuninni og ræktuðu vel tengslin við löndin þrjú. Þegar þjóðirnar lýstu yfir sjálfstæði hver á eftir annarri haustið 1991 stóð Ísland þétt við bakið á þeim og ævarandi vinátta var innsigluð.

Eystrasaltsríkjunum hefur vegnað vel. Öll breyttu hagskipan sinni, úr miðstýrðum áætlunarbúskap í átt að markaðsbúskap með sterk tengsl við Norðurlöndin og hafa á skömmum tíma skapað umtalsverða hagsæld. Þjóðartekjur á mann hafa aukist mikið, tekjudreifing er nokkuð jöfn, aðhald í ríkisfjármálum er mikið og skilyrði til fjárfestinga góð. Umskiptin eru til vitnis um mikilvægi þess, að ríki ráði sínum örlögum sjálf.

Samband Íslands við Eistland, Lettland og Litháen er einstakt. Í höfuðborgum landanna þriggja eru margar götur og torg kennd við Ísland og á vettvangi stjórnmálanna störfum við vel saman, til dæmis innan Atlantshafsbandalagsins og Eystrasaltsráðsins þar sem Ísland fer nú með forystu. Ríkin eru öll aðilar að NB8, samstarfsvettvangi Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna, og raunar vill svo til að í dag funda utanríkisráðherrar landanna átta í Riga í Lettlandi. Þótt málefni líðandi stundar verði þar til umræðu er ljóst að dagurinn gefur tilefni til að horfa um öxl og fagna þeim árangri sem hefur náðst.

> **Þegar þjóðirnar lýstu yfir sjálfstæði hver á eftir annarri haustið 1991 stóð Ísland þétt við bakið á þeim og ævarandi vinátta var innsigluð.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@*frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Gyða Lóa Ólafsdóttir *gydaloa@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Ögmundur á táslunum

## Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Hvað gekk Ögmundi Jónassyni, þingmanni VG, til um síðustu helgi þegar hann mætti skó- og sokkalaus í útvarpsviðtal?

Álitsgjafar og fjölmiðlar hafa velt fyrir sér þýðingu atburðarins og stjórnmálaskýrendur hafa átt fullt í fangi með að komast til botns í málinu. Voru þetta einhver skilaboð hjá honum? Kannski var þetta tilvísun í hið fræga plötuumslag Bítlanna—á Abbey Road—þar sem Paul var berfættur. Var þetta táknrænn gjörningur í tilefni þess að hann er að hætta á þingi? Var honum heitt á fótunum? Er hann kannski með sérlega fallegar tær og langaði til þess að sýna þær? Langaði hann kannski bara ekkert til þess að vera í skóm þennan daginn?

Sumir hafa lýst aðdáun sinni á þessu uppátæki Ögmundar, en fleiri hafa þó lýst furðu, hneykslan og sárum vonbrigðum.

**Það er áhyggjuefni að kurteisleg og vel meint umræða um sum mál kalli fram svo heiftarleg og ofsafengin viðbrögð. Það er nefnilega mikil kúgun fólgin í því að fólk geti ekki sagt skoðanir sínar án þess að eiga á hættu að vera úthrópað og hundelt í kjölfarið.**

### Skólaus í skóla

Í fjölmiðlum hefur verið bent á að sé ábyrgðarhluti að fyrrverandi heilbrigðisráðherra taki afstöðu gegn skóbúnaði einmitt nú þegar haustið er gengið í garð, skólarnir að byrja og vetrarhörkur framundan. Foreldrafélög hafa sent frá sér ályktanir og harmað framgöngu Ögmundar. Fjölmargir foreldrar eiga nefnilega erfitt með að troða börnunum sínum í sokka og skó á morgnana—og ekki skánar streðið þegar börnin geta bent á svo áberandi fordæmi: „Af hverju þarf ég að fara í sokka ef Ögmundur Jónasson, þingmaður VG, má vera á tásunum í útvarpinu," spyrja blessuð börnin. „Það er af því hann er fullorðinn og má ráða því sjálfur," reyna foreldrarnir að segja. „En hann var heilbrigðisráðherra og veit það betur heldur en þú hvort maður þarf að vera í sokkum," segja börnin þá. Á borgaralega sinnuðum heimilum er þá sagt: „Hann Ögmundur Jónasson er kommúnisti" en á vinstrisinnuðum heimilum þarf að grípa til annarra úrræða: „Ögmundur Jónasson er hin versta málpípa feðraveldisins og gerðu nú eins og mamma þín segir þér."

### Takið af ykkur skóna

Þá hefur mörgum hefur þótt uppátæki Ögmundar hafa gert lítið úr íslenskri sveitamenningu og þeim fótkulda og fótsárindum sem íslensk bændastétt mátti þola um aldir—allt þangað til gúmmískórnir komu til sögunnar. Bændasamtökin hafa nú þegar sent frá sér tilkynningu þar sem félagsmenn eru eindregið varaðir við því að ganga berfættir til engja.

Skósalar eru líka æfir yfir uppátækinu og líta á það sem grófa aðför að starfsheiðri sínum og lífsafkomu. Samtök skósala hafa fordæmt Ögmund harðlega og sögðu í ályktun að „Ögmundi Jónassyni væri vitaskuld frjálst að ganga um berfættur heima hjá sér, þótt allir heilvita menn láti ekki sjá sig öðru vísi en í nýlegum og vönduðum inniskóm, enda er gólfkuldi landlægur á Íslandi og stórhættulegur heilsu og velferð bæði manna og dýra."

### Með, eða á móti—skóm

Uppi eru mjög háværar kröfur um að Ögmundur biðjist afsökunar á framgöngu sinni og sýni með áberandi hætti iðrun og yfirbót. En hann sjálfur hefur ekki sýnt neina tilburði í þá átt . Það eru reyndar ekki allir jafn æstir yfir þessu. Sumum finnst að Ögmundur megi bara vera til fótanna eins og honum sýnist. Það sé bara hans mál. Þetta finnst jafnvel fólki sem sjálfu kæmi aldrei til hugar að mæta í útvarpsviðtal á táslunum. Hins vegar borgar sig ekki að segja neitt Ögmundi blessuðum til varnar. Þeir sem ekki taka þátt í hneykslunarkórnum verða umsvifalaust stimplaðir sem andstæðingar skófatnaðar og verða sakaðir um fornaldarlega hugsun og meðvirkni með langfeðraveldinu.

### Fótaskortur á tungunni

En Ögmundur er auðvitað ekki beinlínis kommúnisti lengur og hann er örugglega ekki heldur málpípa feðraveldisins, eins og framkvæmdastjórn ungliðahreyfingar VG orðaði það.

Ef út í það er farið þá mætti Ögmundur alls ekkert á tásunum í útvarpsviðtal síðustu helgi—heldur er ekki vitað betur en hann hafi verið vel skóaður og prýðilega sokkaður þegar hann kom sér í allt öðruvísi vandræði en hér voru uppskálduð.

Í langri umræðu um stöðu kvenna í stjórnmálum reyndi hann að segja að honum fyndist að sumar konur hafi átt það til að nýta sér þá staðreynd að það hallar almennt á konur í stjórnmálum til þess að bægja frá sér gagnrýni sem snýr að þeim persónulega. Aðrir gestir þáttarins reiddust mjög yfir þessum ummælum og ráku orðin ofan í hann.

Framkvæmdastjórn ungliðahreyfingar VG krafðist þess að Ögmundur bæðist fyrirgefningar á orðum sínum í ályktun og sögðu Ögmund hafa talað eins og „verstu málpípu feðraveldisins". Ögmundur sagðist ekki ætla að biðjast afsökunar á því að hafa sagt það sem honum fannst, og fór ekki einu sinni fram á að framkvæmdastjórn ungliðahreyfingarinnar bæðist afsökunar á uppnefninu.

### Rökræður og kúgun

Ef hinn skáldsögulegi Ögmundur Jónasson hefði í raun kallað yfir sig heiftarleg viðbrögð fyrir þá ímynduðu sérvisku að ganga um berfættur, þá væru líklega flestir sammála um að það væri illa farið með hann—og illa komið fyrir samfélaginu. Hvað kemur það öðrum við hvernig skóbúnað maður velur sér?

En hlýtur ekki að vera ennþá mikilvægara í lýðræðislegu samfélagi að frelsi manna til að tjá skoðanir sínar sé virt? Opin skoðanaskipti gefa að minnsta kosti tækifæri til þess að svara fullum hálsi eins og gert var í útvarpsþættinum.

Það er áhyggjuefni að kurteisleg og vel meint umræða um sum mál kalli fram svo heiftarleg og ofsafengin viðbrögð. Það er nefnilega mikil kúgun fólgin í því að fólk geti ekki sagt skoðanir sínar án þess að eiga á hættu að vera úthrópað og hundelt í kjölfarið.

Besta ráðið til að vinna rökræðu er nefnilega að svara með rökum, en ekki að halda fyrir munninn á andstæðingnum.

# Geitaostur fyrir heilbrigð vistkerfi?



Snorri Baldursson
líffræðingur og formaður Landverndar



Samkvæmt fyrirsögn Fréttablaðsins 10. ágúst sl. gæti aukið frelsi til að flytja inn osta liðkað fyrir afgreiðslu nýrra búvörusamninga frá Alþingi. Um samningana ríkir engin sátt en kapp er lagt á að ljúka setningu nauðsynlegra laga svo þeir geti tekið gildi.

### Enn ofbeit

Margir hafa gagnrýnt búvörusamningana undanfarið á efnahagslegum forsendum sem von er. Færri hafa haldið til haga þeirri staðreynd að sá hluti þeirra sem fjallar um starfsskilyrði sauðfjárræktar festir í sessi algerlega ósjálfbæra landnýtingu á þeim svæðum landsins þar sem afréttir eru verst farnir. Þessi svæði eru einkum á gosbeltinu á Mið-Suðurlandi og í Þingeyjarsýslum. Þar er gróðurhulan aðeins brot af því sem hún gæti verið miðað við ríkjandi loftslagsskilyrði, víða langt innan við 10%. Þar eru vistkerfi landsins í raun hrunin vegna langvarandi ofbeitar, vissulega samfara ýmissi óáran í gegn um tíðina.

Því er oft viðbrugðið að ofbeit á Íslandi heyri sögunni til vegna hlýnunar loftslags og fækkunar sauðfjár í landinu. Rétt er að sauðfé er færra nú en þegar algerum toppi var náð á 8. og 9. áratug síðustu aldar en fjöldi þess er þó svipaður og var lengstum á síðustu öld. Það er líka rétt að hlýnun loftslags hefur leitt til aukinnar sprettu og útbreiðslu gróðurs á landinu. Aftur á móti er alrangt að ofbeit sé liðin tíð. Öll beit á landi með verulega rofna gróðurhulu er ofbeit í þeim skilningi að hún viðheldur óásættanlegu ástandi eða, í besta falli, hægir á framvindu gróðurs – sauðfé sækir í nýgræðing eins og allir vita. Þar að auki hafa fræðimenn á borð við dr. Ólaf Arnalds bent á að samningurinn sé framleiðsluhvetjandi vegna svokallaðra gripagreiðslna og að sauðfé muni fjölga verði hann samþykktur óbreyttur. Í forsíðufrétt Fréttablaðsins 11. ágúst sl. kemur fram að vægi gripagreiðslna sé jafnvel aukið í þeim breytingartillögum sem liggja fyrir Alþingi!

**Öll beit á landi með verulega rofna gróðurhulu er ofbeit í þeim skilningi að hún viðheldur óásættanlegu ástandi.**

### Laga þarf sauðfjárrækt að landkostum

Í þeim sveitum þar sem ástand afrétta er verst er víða mjög gott atvinnuástand og sauðfjárbúskapur orðinn aukabúgrein. Ríkisstyrkjum til ósjálfbærrar sauðfjárræktar í þeim tilvikum verður að linna. Nú er tækifæri til að stokka kerfið upp, fækka sauðfé um þann fjórðung kjötframleiðslunnar sem niðurgreiddur er til útflutnings, friða verst förnu afréttina á gosbeltinu og beina styrkjum í greininni til svæða þar sem ástand afrétta er gott, einkum á vestan- og austanverðu landinu. Sjálfsagt er að hafa góðan aðdraganda að þessum breytingum og styðja við þá bændur sem þurfa að skera niður eða a.m.k. hætta upprekstri sauðfjár.

Í febrúar sl. sendu Landvernd, Náttúruverndarsamtök Íslands og Skógræktarfélag Íslands frá sér ályktun varðandi þessi grundvallaratriði – að ríkisstuðningur við bændur í nýjum búvörusamningum verði skilyrtur við sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og að komið verði í veg fyrir beit á örfoka landi (sjá hér). Ágætu alþingismenn, gleymið ekki náttúruverndarþættinum í þeim viðræðum sem fram undan eru varðandi búvörusamningana. Látið ekki gróður landsins líða fyrir innfluttan geitaost þótt góður sé.

*http://landvernd.is/Sidur/Aherslur-um-natturuvernd-komi-i-buvorusamninga*


Frelsi í aldarfjórðung

AB

Almenna bókafélagið og ræðismenn Eystrasaltsríkjanna ásamt samstarfsaðilum efna til samkomu í tilefni þess, að AB hefur endurútgefið tvær bækur um Eystrasaltslöndin, nú þegar rétt 25 ár eru liðin frá því, að Ísland varð fyrst ríkja til að viðurkenna á ný sjálfstæði þeirra.



Ávörp: Davíð Oddsson, sem þýddi aðra bókina 1973 og var forsætisráðherra, þegar Eystrasaltsríkin voru viðurkennd á ný 1991, og Tunne Kelam, einn af leiðtogum sjálfstæðisbaráttu Eistlands og þingmaður á Evrópuþinginu.



Litlatorgi Háskóla Íslands kl. 17–19 föstudaginn 26. ágúst.

**Aðgangur ókeypis**
**Allir velkomnir**

AECR
ALLIANCE OF EUROPEAN CONSERVATIVES AND REFORMISTS
RNH

## Ronaldo og Hegerberg valin besta knattspyrnufólk Evrópu



**Glæsileg** Cristiano Ronaldo og Ada Hegerberg voru í gær kosin besta knattspyrnufólk Evrópu í ár. Ronaldo hafði betur gegn Gareth Bale, samherja sínum hjá Real Madrid, og Antoine Griezmann. Þetta er í annað sinn sem Ronaldo hlýtur þessi verðlaun. Ada Hegerberg, leikmaður Lyon og norska landsliðsins, var valin fram yfir Amandine Henry og Dzsenifer Marozsán, samherja sína hjá Lyon, í kvennaflokki. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Hlakka mest til að mæta Ægi

**Körfuboltarisinn Ragnar Nathanaelsson er á leið í atvinnumennsku á nýjan leik. Hann segist hafa lært mikið síðan hann fór síðast út og ætlar að nýta tækifærið vel hjá spænska liðinu Caceres.**

**KÖRFUBOLTI** „Ég er alveg hrikalega ánægður með þetta,“ segir hinn 218 sentimetra hái Ragnar Nathanaelsson en hann skrifaði í gær undir samning við spænska B-deildarfélagið Caceres sem Pavel Ermolinskij lék með á sínum tíma. Ragnar skrifaði undir svokallaðan einn plús einn samning við félagið. Ef allir eru sáttir eftir veturinn þá mun hann framlengja og spila áfram fyrir félagið.

„Þetta kom fyrst upp fyrir um mánuði. Ég var mjög spenntur er þetta kom fyrst upp. Mikið tækifæri í nýju landi. Þetta er líka sterk og skemmtileg deild. Það hafa margir frábærir leikmenn komið frá Spáni og þar er spilaður alvöru körfubolti,“ segir Ragnar og tilhlökkunin leynir sér ekki.

Ragnar segist vera mjög ánægður með samninginn sem hann sé að fá.

„Ég er mjög ánægður þar sem þetta er fyrsti samningur en ég lít samt aðallega á þetta sem gott tækifæri til að koma mér á framfæri. Sýna mig og sanna. Það er líka mikil ástríða hjá þjálfaranum og hann gerði mig mjög spenntan fyrir að koma til félagsins,“ segir Ragnar en liðið datt út í átta liða úrslitum í úrslitakeppninni í fyrra.

Ragnar prófaði fyrst að fara í atvinnumennsku fyrir tveimur árum er hann samdi við Sundsvall Dragons í Svíþjóð. Þar voru fyrir þrír Íslendingar. Það reyndist ekki ferð til fjár enda sat Ragnar meira og minna á bekknum.

„Ég sá þar að atvinnumannslífið er ekki bara gull og grænir skógar. Ég lærði aðeins að standa á eigin fótum þarna þó svo ég hafi haft Hlyn [Bæringsson] og Jakob [Sigurðarson] til að halda í höndina á mér og svo bjó ég með Ægi Þór Steinarssyni. Það hjálpaði til en núna verð ég einn og er tilbúinn að takast á við það. Þetta er bara spennandi. Ég er kominn með íslensk/spænska orðabók og byrjaður að tala við Jón Arnór og strákana og þeir eru farnir að kenna mér smá setningar,“ segir Ragnar en hann er bjartsýnn á að fá að spila mikið.



Ragnar í leik með Þór. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Þeir tala um að ætla að nota mig. Ég er líka hugsanlega að fá mun betri þjálfun þarna en í Svíþjóð. Þjálfarinn hefur talað mikið um hversu spenntur hann sé að fara að vinna með mér og ég hef verið að leita að slíku. Ég er eiginlega mest spenntur fyrir því að fá hörkuþjálfun.“

Ragnar er metnaðarfullur og ætlar að nýta þetta tækifæri vel í von um að það leiði til einhvers enn betra. „Ég lít á þetta sem glugga sem vonandi kemur mér enn lengra. Nú verð ég að nýta tækifærið vel. Ég bíð svo spenntastur eftir leiknum við liðið hans Ægis þann 20. desember. Ef allt fer að óskum þá eyði ég svo jólunum heima hjá honum. Það væri frábært.“ henry@frettabladid.is




## Nýjast

**Evrópudeild UEFA**

**Qarabag - IFK Göteborg 3-0**
Qarabag fór áfram, 3-1, samanlagt. Hjálmar Jónsson sat allan tímann á bekk Göteborg.

**Bröndby - Panathinaikos 1-1**
Panathinaikos fór áfram, 1-4, samanlagt.

**Rosenborg - Austria Vín 1-2**
Vín fór áfram, 2-4, samanlagt. Hólmar Örn Eyjólfsson spilaði allan leikinn fyrir Rosenborg en Matthías Vilhjálmsson kom af bekknum á 26. mínútu.

**Grasshopper - Fenerb. 0-2**
Fenerbahce fór áfram, 0-5, samanlagt. Rúnar Már Sigurjónsson spilaði allan leikinn fyrir Grasshopper.

**West Ham - Astra 0-1**
Astra fór áfram, 1-2, samanlagt.

**Rapid Vín - Trencin 0-2**
Rapid fór áfram, 4-2, samanlagt. Arnór Ingvi Traustason lék í 83 mínútur fyrir Rapid.

**Meistaradeild Evrópu**

**Breiðablik - NSA Sofia 5-0**
Svava Rós Guðmundsdóttir, Berglind Björg Þorvaldsdóttir, Fanndís Friðriksdóttir, Esther Rós Arnarsdóttir, Selma Sól Magnúsdóttir.

***Breiðablik spilar gegn Cardiff Met á sunnudag í lokaleik sínum í forkeppninni.***

### BRAVO KOMINN TIL CITY

Enska úrvalsdeildarliðið Manchester City hefur staðfest kaupin á síleska landsliðsmarkverðinum Claudio Bravo frá Barcelona. Hinn 33 ára gamli Bravo skrifaði undir fjögurra ára samning við City.

Bravo lék í áratug á Spáni, fyrstu átta árin með Real Sociedad og síðustu tvö ár með Barcelona þar sem hann vann allt sem hægt var að vinna.

Bravo, sem er leikjahæsti leikmaður í sögu síleska landsliðsins, varð Suður-Ameríkumeistari 2015 og 2016. Hann var valinn besti markvörður mótsins í bæði skiptin.

### BJÖRN DANÍEL TIL AGF

Danska úrvalsdeildarliðið AGF hefur fest kaup á Birni Daníel Sverrissyni frá Viking í Noregi. Aftenposten greindi frá þessu. Þar kom einnig fram að AGF hafi greitt Viking hálfa milljón norskra króna fyrir Björn Daníel, eða sjö milljónir íslenskra króna.

Búist er við að Björn Daníel skrifi undir þriggja ára samning við AGF þar sem hann hittir fyrir landa sinn, Theodór Elmar Bjarnason. AGF er í 7. sæti dönsku deildarinnar eftir sex umferðir. Björn Daníel átti aðeins hálft ár eftir af samningi sínum við Viking sem hann hefur spilað með frá árinu 2014.

Hafnfirðingurinn, sem hefur leikið sex A-landsleiki fyrir Íslands hönd, skoraði sex mörk í 29 deildarleikjum á sínu fyrsta tímabili með Viking en missti af stórum hluta þess næsta vegna meiðsla. Björn Daníel hefur hins vegar komið sterkur til leiks í ár og leikið 20 deildarleiki og skorað fjögur mörk.

Áður en Björn Daníel hélt út í atvinnumennsku varð hann þrisvar sinnum Íslandsmeistari og einu sinni bikarmeistari með FH.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.00 | The Barclays | Golfstöðin |
| 18.30 | Bayern - Bremen | Sport |

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
26. ÁGÚST 2016 FÖSTUDAGUR

Lífstíll



# MEÐ MENNINGARHÚS Í HLÖÐU Í BAKGARÐINUM

**Listaspírurnar Þórhildur Örvarsdóttir og Skúli Gautason eru alltaf með mörg járn í eldinum. Hilda er á kafi í upptökum á jólaplötu þessa dagana og hjá Skúla er að ljúka annasömu sumri í hvalaskoðunarfyrirtækinu sem hann starfar hjá. Í garðinum sínum hafa þau svo útbúið hlöðu sem menningarhús þar sem hinir ýmsu viðburðir fara fram.**

Finndu styrk
í meiri vellíðan.

HEILSA
&
SPA

Njóttu þess að rækta líkama og sál í þægilegu andrúmslofti og öruggum höndum fagfólks á heilbrigðissviði.

Námskeið, hóptímar, Yoga, tækjasalur, Spa, nudd, nálastungur, cupping, sjúkraþjálfun frá Gáska og snyrtistofan Fegurð og Spa.

Sjáðu áskriftarleiðir og úrval námskeiða, fyrirlestra og sérsniðnar leiðir fyrir einstaklinga eða hópa á **www.heilsaogspa.is**

**Ný námskeið hefjast 29. ágúst.**

Við tökum vel á móti þér!



**Lilja Björk Hauksdóttir**
liljabjork@365.is





Skúli og Hilda inni í Hlöðunni sem er menningarhús í garðinum hjá þeim þar sem fram hafa farið margir menningarviðburðir. MYND/AUÐUNN NÍELSSON

Þau Skúli Gautason og Þórhildur Örvarsdóttir hafa lengi verið áberandi í menningarlífinu og þá sérstaklega norðan heiða. Margir þekkja Skúla sem leikara, leikstjóra og tónlistarmann en hann hefur einnig starfað sem menningar- og viðburðastjóri, meðal annars hjá Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ. Í dag starfar hann hjá hvalaskoðuninni Ambassador.

Þórhildur, sem oftast er kölluð Hilda, hóf snemma feril sem söngkona og hefur komið víða við í þeim efnum. Hún hefur kennt söng og raddþjálfun í Listaháskóla Íslands, Kvikmyndaskóla Íslands, Tónlistarskóla FÍH, Þjóðleikhúsinu, Leikfélagi Akureyrar, Borgarleikhúsinu og Tónlistarskóla Akureyrar þar sem hún starfar í dag.

### HRIFIN AF DÖNSKU SAMFÉLAGI

Hjónaleysin Hilda og Skúli hafa búið meira og minna á Akureyri síðan árið 2000 þegar þau keyptu sér og gerðu upp býlið Litla-Garð, sem stendur í útjaðri bæjarins. „Hilda er fædd og uppalin á Akureyri en ég kom hingað til að leika hjá Leikfélagi Akureyrar eftir að ég útskrifaðist. Mér líkaði svo vel hér að ég hef mestmegnis verið hér síðan,“ segir Skúli brosandi. „Annars lögðumst við í dulítið flakk, fluttum til Danmerkur á meðan Hilda var í söngnámi í Kaupmannahöfn. Það var gott að dvelja þar í tæp þrjú ár. Okkur fannst danskt samfélag að mörgu leyti eðlilegra en hér heima. Fólk er meira að passa hvert upp á annað. Danir borga skattana sína glaðir, því þeim er það fullljóst að þeir peningar fara í uppbyggingu í þágu fólksins sjálfs. Okkur Íslendingum finnst að greiddur skattur sé glatað fé. Í þessu liggur stóri munurinn á milli þessara þjóða.“

Skúli fékk síðan starf á Höfuðborgarstofu, stjórnaði meðal annars Menningarnótt í nokkur ár, en Akureyri togaði alltaf í fjölskylduna enda átti hún hús þar.

### DRAMATÍSK BYRJUN

Þegar þau Skúli og Hilda keyptu Litla-Garð var hann í niðurníðslu og þurftu þau að taka allt húsið í gegn. Búskapur þeirra þar hófst reyndar með fremur dramatískum hætti. „Við bjuggum þá í Reykjavík, en skruppum norður eina helgi til að kíkja á nýja húsið okkar sem við ætluðum að flytja inn í þegar við værum búin að gera það upp. Þá vorum við vakin með símtali. Það var lögreglan í Reykjavík að segja okkur að íbúðin okkar í Reykjavík hefði brunnið um nóttina og búslóðin væri nánast öll ónýt. Þar með vorum við skyndilega flutt norður og kom sér vel að í Litla-Garði var ýmislegt gamalt dót, ósamstæðir diskar og hnífapör og slíkt, sem við gátum notað til að byrja með, því okkur vantaði í rauninni allt til alls. Við komumst að því þá að við áttum góða vini og fengum víða aðstoð.“

Í Litla-Garði var áður rekin hestaleiga en hesthúsin voru orðin ósköp þreytt svo þau voru rifin en parið sá mikla möguleika í hlöðunni. „Við breyttum henni í lítið menningarhús, smíðuðum svið, settum upp ljósakerfi og hljóðkerfi og allt sem við á,“ útskýrir Hilda og bætir við að þau hafi haldið nokkra menningarviðburði í hlöðunni, tónleika, einleiki, fyrirlestra og fleira. „Við höfum til dæmis lesið Passíusálmana um páskana og þarna höldum við okkar jól. Þá kemur stórfjölskyldan og fjölgar stöðugt í henni. Hlaðan kemur mjög skemmtilega út, þar er afskaplega góður hljómburður og góður andi í húsinu, enda er gott að dunda sér þar á kvöldin og hlusta á gamlar vínylplötur, einhverja stórskrítna tónlist sem krakkarnir hrista hausinn yfir,“ segir Skúli léttur í bragði.

### Í JÓLASKAPI Í JÚLÍ

Það er nóg að gera hjá parinu þessa dagana því Skúli vinnur, eins og áður hefur komið fram, hjá hvalaskoðunarfyrirtæki og þar er mjög mikið að gera yfir sumarið. Hilda er á kafi í upptökum á nýrri plötu auk þess að vera að syngja úti um allt og kenna söng. „Ég er að vinna að jólaplötu sem á eru íslensk og norræn jólalög sem eru færð í nýjan búning,“ lýsir hún.

Hilda hefur fengið afburða hljómlistarmenn til samstarfs, meðal annars Atla Örvarsson bróður sinn, Eyþór Inga Jónsson orgelleikara, Einar Scheving slagverksleikara og þungavigtarmann í upptökum, Steve McLaughlin, sem hefur meðal annars unnið með Pink Floyd og Peter Gabriel. „Platan á að koma út í október og það sem búið er að gera lofar góðu. Það er samt svolítið skrítið að vera komin í svona mikið jólaskap um hásumar,“ segir Hilda og hlær.

> „Hlaðan kemur mjög skemmtilega út, þar er afskaplega góður hljómburður og góður andi í húsinu, enda er gott að dunda sér þar á kvöldin og hlusta á gamlar vínylplötur, einhverja stórskrítna tónlist sem krakkarnir hrista hausinn yfir.
>
> Skúli Gautason

### LÍF Í G-LYKLI

Tónlistin spilar afar stóra rullu hjá Hildu og eins og Skúli orðar það svo skemmtilega þá er líf hennar allt í G-lykli. Hilda hefur sungið inn á fjölmargar erlendar kvikmyndir, til dæmis The Eagle, Mortal Instruments, 300: Rise of an Empire og Man of Steel. Í þessum efnum hefur hún aðallega sungið tónlist eftir Atla bróður sinn sem hefur lengi samið og útsett kvikmyndatónlist. „Samstarfið við Atla bróður minn hefur verið einstaklega gott og gjöfult. Ég söng sennilega inn á fyrstu myndina hans í kringum 2005 og síðan eru þær orðnar hátt í fimmtán talsins. Atli er náttúrlega einstaklega hæfileikaríkt tónskáld og svo hefur hann alveg sérstakt lag á að skrifa línur sem henta mér fullkomlega.“

Bíómyndirnar eru þó ekki eini samstarfsvettvangur systkinanna því upp úr einu kvikmyndaverkefninu spratt hljómsveitin Torrek sem er skipuð þeim Atla og tveimur írskum bræðrum.

### HÆTTIR AÐ KASTA SJÓNVÖRPUM

Skúli hefur einnig verið nokkuð fyrirferðarmikill á tónlistarsviðinu en hann er meðal annars söngvari Sniglabandsins og einn stofnenda þess. Hann segir Sniglabandið vera býsna sprækt enn þá. „Hljómsveitin fagnaði þrjátíu ára starfsafmæli sínu með stórtónleikum í Eldborg síðasta haust og gaf út plötuna Íslenskar sálarrannsóknir. Við höfum verið að spila hér og þar um landið í sumar, meðal annars á Græna hattinum hér á Akureyri. Það var mál manna þar að hljómsveitin hefði aldrei verið betri og ég er ekki frá því að það sé rétt, allavega skemmtum við okkur konunglega. Við erum mikið til hættir að henda sjónvörpum út um glugga og hlaupa naktir eftir þjóðvegi 1, en spilagleðin hefur aldrei verið meiri,“ segir Skúli kíminn.

### GOTT AÐ BÚA Á AKUREYRI

Þeim Skúla og Hildu þykir gott að búa á Akureyri og segja það engar ýkjur að það sé óvíða veðursælla en einmitt þar. „Mannlífið er fallegt og gott og það eru ekki margir átján þúsund manna bæir í heiminum sem státa af jafn öflugu menningarlífi og er á Akureyri, með atvinnuleikhúsi, sinfóníuhljómsveit, mörgum frábærum veitingastöðum og listasafni í heimsklassa,“ lýsir Skúli.

Þau Hilda og Skúli ætla að sjálfsögðu að taka virkan þátt í bæjarhátíðinni Akureyrarvöku sem fram fer um helgina. Hilda mun syngja með Kammerkórnum Hymnodiu á opnunarathöfn hátíðarinnar í Lystigarðinum í kvöld og á morgun verður í Hlöðunni hjá þeim viðburður á vegum AkureyrarAkademíunnar sem kallast Samtal við hamingjuna þar sem Edda Björgvins og Gunnar Hersveinn ræða hamingjuna frá ýmsum hliðum. „Við munum svo að sjálfsögðu fara í bæinn og kíkja á hina ýmsu viðburði, reka til dæmis inn nefið í Kartöflugeymsluna og skoða ljósmyndasýningu Helgu Kvam, í Listagilinu er urmull viðburða og sýninga sem við munum örugglega staldra við og svo auðvitað tónleikar í Gilinu annað kvöld sem setja punktinn yfir i-ið,“ segja þessi samhentu hjón glöð í bragði.




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI:** 365 MIÐLAR | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*

# JS Watch co.
REYKJAVIK




## Úrsmíðameistari okkar missir aldrei einbeitinguna

Vegna annálaðrar einbeitingar, nákvæmni og 45 ára reynslu, tryggir úrsmíðameistarinn gæði íslensku úranna.

Gilbert Ó. Guðjónsson úrsmíðameistari og alþekktur fagmaður grandskoðar hvert einstakt úr áður en það yfirgefur verkstæði okkar.

JS úrin eru íslensk hönnun og framleiðsla, sett saman á úrsmíðaverkstæði Gilberts, þar sem viðskiptavinir geta komið og hitt úrsmiðina sem setja saman úrin þeirra.

Úrvalið af JS úrum hefur aldrei verið meira og ættu flestir að geta fundið íslenskt úr við sitt hæfi en úrvalið má skoða á vefsíðu www.gilbert.is eða www.jswatch.com.




GILBERT
ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

# HÚÐFLÚR EKKI HÆTTULAUST

Húðflúr nýtur vaxandi vinsælda bæði hér heima og erlendis og sífellt fleiri flúra stærri hluta líkamans. Svo virðist sem húðflúrlitir séu þó ekki með öllu hættulausir og hafa komið fram tengsl á milli sumra lita við bæði snertiofnæmi og krabbamein. Dr. Bolli Bjarnason mælir með því að fólk hugsi sig vel um áður en það lætur flúra sig.

**Vera Einarsdóttir**
vera@365.is



Sífellt fleiri láta húðflúra sig og benda kannanir til að allt að fjórðungur fólks hafi eitt eða fleiri húðflúr. Samkvæmt könnun í Bandaríkjunum voru 28 prósent á aldrinum 30-39 ára með eitt eða fleiri húðflúr árið 2003 en 38 prósent árið 2012. Þá eru æ fleiri sem láta húðflúra stærri svæði og nota margs konar liti. Svo virðist sem húðflúr sé þó ekki með öllu hættulaust og hafa komið fram tengsl á milli sumra lita sem notaðir eru við bæði snertiofnæmi og mögulega krabbamein. Sem stendur eru húðflúrlitir til skoðunar hjá Efnastofnun Evrópu (ECHA) sem mun gera áhættumat á þeim hættulegu efnum sem þeir kunna að innihalda. Í Danmörku hefur verið gengið svo langt að banna tiltekna liti auk þess sem gefin hafa verið út tilmæli varðandi öryggi litanna sem notaðir eru.

### GETUR EKKI TALIST ÆSKILEGT

Dr. Bolli Bjarnason, húð- og kynsjúkdómalæknir hjá Útlitslækningu, segir húðflúr almennt ekki geta talist æskilegt fyrir húðina eða líkamann og að ýmsar aukaverkanir geti komið fram. „Sjálf flúrunin getur leitt til aukaverkana eins og örmyndana, sýkinga og húðsjúkdóma á húðflúruðum svæðum hafi fólk sjúkdóma eins og psoriasis fyrir. Húðflúr getur jafnframt leitt til bólgu, eymsla og kláða sem getur verið viðvarandi en þýsk rannsókn leiddi í ljós að slíkur vandi komi upp hjá um sex prósentum þeirra sem láta flúra sig.“

Húðflúrlitir eru nú til skoðunar hjá ECHA en vísbendingar eru um að þeir geti valdið svokölluðu snerti- og ljósofnæmi auk þess sem komið hafa fram möguleg tengsl við ákveðnar tegundir krabbameins. „Það eru engar góðar rannsóknir til um tíðni snertiofnæmis vegna flúrlita. Þó er algengast að upp komi ofnæmi vegna rauða litarins. Þetta átti bæði við hér áður þegar kvikasilfur og súlfíð þess var notað og í dag eftir að farið var að nota lífræna liti,“ segir Bolli og bendir á danska rannsókn sem leiddi í ljós að 62 prósent þeirra sem hafa ofnæmi hafa það fyrir rauðum lit og 20 prósent fyrir svörtum. Bolli segir ekki gott að greina snertiofnæmi fyrir flúrlitum fyrirfram. „Það virðist ekki nóg að prófa með viðkomandi ofnæmisvökum á húð því margir litir virðast ganga í gegnum breytingar í húðinni og mynda óþekkta ofnæmisvaka.“ Að sögn Bolla lítur út fyrir að blátt, grænt og svart húðflúr leiði síst til ofnæmis.


Dr. Bolli Bjarnason

Bolli segir húðflúrliti innihalda ýmis mögulega krabbameinsvaldandi efni en eitlaæxli, grunnfrumukrabbamein, flöguþekjukrabbamein, keratoacanthoma og sortuæxli eru þekkt eftir liti. Hann segir þau hins vegar ekki algeng. „Hér áður fyrr innihéldu allir litir nema svartur ólífræna liti með þungmálmum. Til að fá þá til að verða skínandi og bjarta en á sama tíma vatnsleysanlega innihalda þeir nú azo-litarefni sem eru meðal annars notuð í bílalakk og prentliti. Í ljósi geta þessi efni brotnað niður í arómatísk amín sem geta valdið krabbameini og dreifst um líkamann í gegnum eitlakerfið.

Svört litarefni eru að sögn Bolla oft búin til úr sóti eða kolum. „Þau geta innihaldið eiturefni eða mögulega krabbameinsvaldandi efni svo sem carbon black og polycyclic aromatic hydrocarbons. Sum innihalda jafnframt fenola sem geta valdið krabbameini, nýrnaskemmdum, miðtaugakerfisskemmdum eða fósturskaða.“ Bolli segir nýlega rannsókn sem tók yfir 20 ára tímabil þó ekki sýna háar krabbameinstölur. „Sú rannsókn náði hins vegar aðeins til ársins 2011 en síðan hefur notkun húðflúrlita aukist til mikilla muna og eru langtímaáhrif litanna ekki komin í ljós.“

Húðflúrstofur eru starfsleyfisskyldar og er eftirlit í höndum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga en auk þess gefur Landlæknir út leiðbeiningar um húðgötun og húðflúr sem þeir sem reka húðflúrstofur hér á landi þurfa að fylgja. Í Reykjavík fer heilbrigðisfulltrúi í eftirlit a.m.k. einu sinni á ári og tekur út ýmis aðstöðu- og hreinlætismál, athugar fyrningardagsetningu lita og hver framleiðir þá. Að sögn Rósu Magnúsdóttur, deildarstjóra hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, er ástand á húðflúrstofum yfirleitt gott hvað fyrrnefnda þætti varðar. Aðspurð segir hún ekki hafa verið gerða sérstaka úttekt á efnainnihaldi lita sem notaðir eru á húðflúrstofum en eftirlit með þeim, sem og öðrum efnavörum á markaði, sé í höndum Umhverfisstofnunar. Að sögn Ísaks Sigurjóns Bragasonar, sérfræðings í REACH, sem er Evrópureglugerð um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir er varða efni, hjá Umhverfisstofnun eru húðflúrlitir ekki til skoðunar sem stendur. „Verði niðurstaða áhættumats ECHA hins vegar sú að þörf sé á að setja sérstakar takmarkanir á innihaldsefni húðflúrlita verður formleg tillaga þess efnis borin upp innan árs. Ef slík tillaga verður samþykkt verður hún hluti af REACH-regluverki Evrópusambandsins og í framhaldinu innleidd hér á landi í gegnum EES-samninginn.“

Bolli segir fólk gera ráð fyrir því að til séu reglugerðir varðandi húðflúrliti en að sú sé ekki endilega raunin. Hann segir Dani hafa gengið einna lengst en þar hafa sumir litir sem fyrr segir verið bannaðir. Þá var átakinu „Think before you ink“ hleypt af stokkunum fyrir nokkrum árum þar sem leitast var við að upplýsa fólk um hugsanlega skaðsemi húðflúrs.

### ÞARF AÐ HUGSA SIG VEL UM

Bolli mælir eindregið með því fólk hugsi sig vel um áður en það fær sér húðflúr, ekki bara með tilliti til útlits heldur líka út af mögulegum hættum.

Aðspurður fær hann til sín töluvert af fólki sem vill láta fjarlægja húðflúr. „Stundum sér það eftir því að hafa húðflúrað sig, vill losna við húðflúr í vinnslu eða húðflúra yfir með nýju. Stundum þarf það að fjarlægja húðflúr vegna vinnu og stundum liggja aðrar persónulegar ástæður að baki. Þá þarf stundum að fjarlægja húðflúr vegna ofnæmis en í þeim tilfellum þarf yfirleitt að beita skurðaðgerð.“

Almennt er þó notuð lasertækni til að fjarlægja húðflúr. „Þó markmiðið sé helst að fjarlægja allan lit er lasermeðferð eingöngu beitt ef fólk sættir sig við að liturinn fari að mestu leyti því ekki er hægt að tryggja að hann fari með öllu. Þá geta myndast ör við gerð húðflúrs sem skapa vissa draugamynd þrátt fyrir árangursríka meðferð.

Bolli notar svokallaða Q-switched Nd:Yag lasertækni með tveimur bylgjulengdum sem reynist vel á alla liti nema grænan. „Ég er að taka í notkun nýjan læknahúðflúrlaser sem gefur tvö laserskot með mjög stuttu millibili. Hann byggir á nýrri tækni sem gefur betri árangur. Laserarnir losa mikla ljósorku á skömmum tíma en við það losna litaagnirnar úr frumunum og klofna í minni litaagnir sem átfrumur fjarlægja. Hluti litarins ferðast svo í húðþekjunni út á yfirborðið þar sem hann skilst út.“

Bolli segir ganga best að fjarlægja svartan lit en erfiðast sé að fjarlægja gulan, appelsínugulan og stundum grænan og mælir með því að fólk forðist þá. Hann segir lasermeðferð heldur ekki með öllu hættulausa. „Það er mikilvægt að beita réttum aðferðum og til að tryggja öryggi sjúklinga varðandi rétta greiningu, val á meðferð, framkvæmd og eftirlit hafa þessar og aðrar laserhúðmeðferðir verið takmarkaðar við lækna á Íslandi og í mörgum nágrannalöndum okkar. Í Danmörku er þess aukalega krafist að læknirinn sé húð- og kynsjúkdómalæknir með reynslu af laserlækningum.“



### Hvaða húðflúr er skást og hvað ber að forðast?

- Almennt veldur svart húðflúr síður aukaverkunum svo sem ofnæmi og kláða og mögulega síður krabbameini.
- Það er auðveldara að fjarlægja húðflúr sé liturinn ekki skær. Erfiðast er að fjarlægja gulan, appelsínugulan og grænan lit. Aukaverkanir eru jafnframt tíðari á útlimum og ber að forðast þá.
- Aldrei skal flúra yfir húðbreytingar svo sem fæðingarbletti. Sama á við staði sem ekki er hægt að breiða yfir með klæðnaði, enda getur það haft áhrif á atvinnumöguleika. Þá ber að forðast húðflúr á höfði því það getur truflað segulómun.
- Forðast ber nöfn á ástvinum sem mögulega gætu rofnað tengsl við síðar.





ÍSLENSKA SVEITIN OG SS
Fögur er hlíðin sagði Gunnar forðum. Teigur er stórbýli í Fljótshlíð. Þar býr Arna Dögg í félagsbúi með sauðfé og kýr. SS sækir úrvals afurðir til Örnu Daggar í íslenska sveit og skilar þeim tilbúnum alla leið til neytenda.
Arna Dögg er einn 900 bænda sem eiga SS.
SS



Norska lampaútvarpið fær góðan stað í stofuglugganum.

# BLANDA NÝRRA OG ELDRI HLUTA

Íbúð Kristjáns Eldjárns, forritara og tónlistarmanns, einkennist af gömlum hlutum sem honum hafa áskotnast úr ýmsum áttum. Í uppáhaldi eru m.a. innrammað barmmerki frá 1968 og norska lampaútvarpið sem hann fékk frá afasystur sinni.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is



Forritarinn og tónlistarmaðurinn Kristján Eldjárn býr í lítilli íbúð í miðbæ Reykjavíkur sem þykir afar falleg og skemmtilega hönnuð. Hann aðhyllist þó engan sérstakan stíl þegar kemur að skipulagi heimilisins heldur byggir hann helst á skemmtilegri blöndu af nýjum og gömlum hlutum að eigin sögn. „Ég held að heimili mitt falli ekki undir neinn ákveðinn stíl. Meginþorri innanstokksmuna eru gamlir hlutir sem mér hafa áskotnast úr ýmsum áttum, en inn á milli hef ég fyllt í skörð með nýrri húsgögnum. Að því sögðu þá reyni ég að hafa ekki of mikið af hlutum inni hjá mér því íbúðin er svo lítil.“

Meðal innanstokksmuna sem Kristján er sérstaklega hrifinn af er innrammað barmmerki frá árinu 1968. „Á því stendur „Kjósum Kristján“ en það tengist kosningabaráttu afa míns og alnafna fyrir forsetakosningarnar sem voru haldnar það ár. Svo finnst mér norska lampaútvarpið mjög fallegt. Ég fékk það frá afasystur minni, sem mér þykir mjög vænt um, þegar hún þurfti að flytja og hafði ekki pláss fyrir það lengur. Ég hafði gert við það þegar það var bilað nokkrum árum áður, þannig að það lenti á góðu heimili.“

## Prófar nýja hluti

Kristján er meðlimur hljómsveitarinnar Sykurs og nú nýlega einnig sólólistamaður. Dagsdaglega starfar hann sem forritari en hann lauk BS-námi í tölvunarfræði vorið 2015. Áður hafði hann meðal annars lagt stund á nám í myndlist og djassgítarleik. Aðspurður um aðdragandann að sólóverkefninu segir hann að sarpur af lögum, sem ekki hafi passað inn í þau verkefni sem hann hafi verið að fást við hverju sinni, hafi safnast upp hjá honum undanfarin ár. „Ég kalla sólóverkefnið Kreld og það er vettvangur minn til að vera eigin herra og prófa mig áfram með nýja hluti. Ég fór nýlega í tónleikaferð til Írlands sem var frábær. Landið er fallegt og viðtökurnar voru góðar, þrátt fyrir að það hafi verið ógnvekjandi skref að stíga á svið án þess að vera með hljómsveit í kring um sig. Þetta var góður hópur af íslenskum listamönnum sem fór saman út og á milli tónleika böðuðum við okkur í írskum ám, spiluðum fótbolta, héldum reiv í tjaldi og margt fleira.“

Það eru miklar annir fram undan í vetur hjá Kristjáni. „Fram undan er útgáfa bæði frá Sykri og Kreld en bæði verkefnin eru í fullum gangi sem stendur. Auk þess mun ég spila með nokkrum öðrum hljómsveitum í vetur, ásamt því að sinna forritunarstarfinu. Þess utan er ég í miðjum klíðum við að undirbúa umsóknir um framhaldsnám við erlenda háskóla.“





Heimaskrifstofan inniheldur stól eftir Børge Mogensen.



DEMO loftljós.



Stofan er ekki stór en þjónar sínum tilgangi.




Innrammað barmmerki frá 1968 tengist kosningabaráttu afa hans og alnafna.



Stóll frá ömmusystur Kristjáns.



# Endurskoðun og bókhald

26. ágúst 2016

**KYNNINGARBLAÐ** Deloitte | dk Hugbúnaður




## Vertu í skýjunum með okkur

í mánaðarlegri áskrift að bókhaldskerfinu
Microsoft Dynamics NAV




Lágmarkaðu kostnaðinn og
kynntu þér málið á www.navaskrift.is
Aðgangur að Office 365 fylgir með!*

Kr. 9.900 pr. mán. án VSK

wise » Borgartún 26, 105 Reykjavík » Hafnarstræti 93-95, 600 Akureyri » sími: 545 3200 » wise@wise.is » **www.wise.is**

* gildir til 30. júní 2018 þegar keypt er fyrir 30. september 2016

# Fjölbreytt tækifæri bjóðast erlendis

Flestar stærstu endurskoðunarskrifstofur hérlendis eru alþjóðleg fyrirtæki með starfsstöðvar víða um heim. Því bjóðast starfsmönnum hér á landi reglulega tækifæri til að starfa erlendis. **Eva Sigurbjörg Þorkelsdóttir** er ein þeirra en hún býr og starfar í Kaupmannahöfn.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is



Stærstu endurskoðunarfyrirtækin sem starfa hér á landi eru alþjóðleg fyrirtæki með starfsstöðvar víða um heim. Þar með opnast tækifæri fyrir íslenska starfsmenn að búa og starfa erlendis um tíma og hafa margir gert það undanfarin ár.

Eva Sigurbjörg Þorkelsdóttir er ein þeirra, en hún kláraði meistaragráðu í stjórnunarreikningsskilum og viðskiptagreind við Háskólann í Reykjavík auk þess sem hún lauk meistaragráðu í fjármálum við sama skóla. Að námi loknu hóf hún störf hjá Deloitte hér á landi þar sem hún tókst á við ýmis verkefni á borð við uppgjör, ársreikningagerð og skýrslugerð. En draumurinn um að búa og starfa erlendis blundaði alltaf í henni. „Þegar ég hóf störf hjá Deloitte lýsti ég strax áhuga mínum á að starfa erlendis. Deloitte á Norðurlöndunum er sífellt að efla samvinnuna sín á milli en auðvelt er að flytja bæði þekkingu og starfsmenn á milli landa. Það opnar því á ýmis tækifæri fyrir starfsmenn sem hafa áhuga á að breyta til og starfa erlendis.“



Eva Sigurlaug segir Dani yfirleitt mjög agaða og leggja mikið upp úr skipulagningu áður en byrjað er á nýjum verkefnum.

### Fjölbreytt verkefni

Í dag starfar Eva á skrifstofu Deloitte í Kaupmannahöfn og verkefnin eru fjölbreytt. „Starf mitt felst í því að fara tímabundið inn í fyrirtæki og vinna með starfsmönnum fjármáladeildar. Ég hef t.a.m. unnið í því að betrumbæta ferla, búa til vinnuskjöl og verkfæri, leysa úr vandamálum og svo önnur dagleg verkefni sem falla til í fjármáladeildum. Yfirleitt hafa þessi fyrirtæki samband við okkur þegar þau vilja bæta eitthvað hjá sér í fjármáladeildinni eða að þau vantar tímabundið starfskraft.“

Vinnustaðamenningin ytra er ólík þeirri íslensku að sögn Evu, helst þannig að Danir eru yfirleitt mjög agaðir og leggja mikið upp úr skipulagningu áður en byrjað er á nýjum verkefnum. „Það sparar yfirleitt mikinn tíma, sérstaklega þegar lagt er af stað með innleiðingu á nýjum lausnum en þá er undirbúningur algjört lykilatriði. Að öðru leyti ræðst fyrirtækjamenningin mikið af því í hvers kyns umhverfi fyrirtækin starfa sem ég vinn með.“

### Alþjóðleg þekking

Sú menntun sem Eva hefur á sviði tækni og fjármála smellpassar við starf hennar þar sem sífellt er verið að vinna að betri lausnum fyrir viðskiptavininn. „Svo heppilega vill til að tölur og tækni er nokkuð alþjóðleg þekking sem auðvelt er að taka með sér hvert sem er. Ég myndi hiklaust mæla með því fyrir fólk í þessum geira að prófa að vinna erlendis. Hjá

> **Svo heppilega vill til að tölur og tækni er nokkuð alþjóðleg þekking sem auðvelt er að taka með sér hvert sem er. Ég myndi hiklaust mæla með því fyrir fólk í þessum geira að prófa að vinna erlendis. Hjá núverandi viðskiptavini er ég að vinna með fólki alls staðar að úr heiminum.**
>
> *Eva Sigurbjörg Þorkelsdóttir*

núverandi viðskiptavini er ég að vinna með fólki alls staðar að úr heiminum sem er sérfræðingar á sínu sviði. Hjá stórum alþjóðlegum fyrirtækjum er samkeppni um hæfustu starfsmennina mikil og mikið sem maður getur lært af því að vinna með fyrirtækjum sem standa framarlega á sínu sviði.“

Utan vinnunnar nýtur Eva sín í Kaupmannahöfn sem hún segir vera frábæra borg sem nýlega var valin ein besta borg heims til að lifa í. „Mér persónulega finnst frábært að geta skotist á hjóli út um allt í góða veðrinu og vera reglulega úti í ferska loftinu. Það er alveg nauðsynlegt að geta aðeins hreyft sig og átt góðan frítíma inn á milli.“

# Fjölbreytt þekking hjá leiðandi fyrirtæki

**Deloitte** er eitt af stærstu alþjóðlegu endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtækjum í heimi. Fyrirtækið veitir fjölbreytta þjónustu og er lögð áhersla á samvinnu þvert á öll svið þess. Markmið fyrirtækisins er að hafa þýðingarmikil áhrif á verkefni viðskiptavina.

Markmið Deloitte á Íslandi er að vera leiðandi í faglegri þjónustu þar sem áhersla er lögð á að hafa þýðingarmikil áhrif á verkefni viðskiptavina með gæði, öfluga liðsheild og alþjóðlegt samstarf að leiðarljósi.

Deloitte á Íslandi er hluti af einu stærsta endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtæki í heimi. Hjá Deloitte á alþjóðavísu starfa um 225 þúsund sérfræðingar sem bjóða upp á þjónustu á sviði endurskoðunar og reikningsskila, skatta- og lögfræðiráðgjafar, upplýsingatækni og fjármála og almennra viðskiptalausna, þar á meðal bókhalds, launavinnslu, gerðar ársreikninga og skattframtala. Hjá Deloitte á Íslandi starfa um tvö hundruð sérfræðingar á þessum sviðum sem sinna ríflega fjögur þúsund viðskiptavinum úr öllum atvinnugreinum.

Starfsemi Deloitte á Íslandi er skipt í fimm meginsvið: endurskoðun, viðskiptalausnir, skatta- og lögfræðisvið, áhættuþjónustu og fjármálaráðgjöf. Þá festi Deloitte nýverið kaup á tveimur fyrirtækjum í upplýsingatækniráðgjöf, Talenta og Staki Automation, sem mun breikka þjónustuframboð félagsins enn frekar.

„Hjá Deloitte er lögð mikil áhersla á samvinnu þvert á öll svið félagsins enda snerta viðfangsefni okkar viðskiptavina iðulega sérfræðiþekkingu þeirra allra með einum eða öðrum hætti,“ segir

> **Þannig náum við markvisst að byggja upp sérfræðiþekkingu innanhúss og nýta það víðamikla alþjóðlega net sem við tilheyrum.**
>
> *Þorsteinn Pétur Guðjónsson*

Þorsteinn Pétur Guðjónsson, sviðsstjóri endurskoðunarsviðs, sem er stærsta svið Deloitte. „Þá er kapp lagt á að þekkja vel þær atvinnugreinar sem viðskiptavinir okkar starfa í. Þannig náum við markvisst að byggja upp sérfræðiþekkingu innanhúss og nýta það víðamikla alþjóðlega net sem við tilheyrum.“

Á endurskoðunarsviði starfa sérfræðingar sem vinna að mestu í verkefnum á sviði reikningsskila og endurskoðunar fyrir viðskiptavini í öllum greinum atvinnulífsins. „Við veitum viðskiptavinum okkar faglega ráðgjöf en í fjölbreytilegu starfsumhverfi er nauðsynlegt fyrir fyrirtæki, hvort sem þau starfa á innlendum eða erlendum vettvangi, að hafa aðgang að slíkri þekkingu sem sérfræðingar okkar geta veitt,“ segir Þorsteinn.



Jónas Gestur Jónasson sviðsstjóri viðskiptalausna og Þorsteinn Pétur Guðjónsson sviðsstjóri endurskoðunar hjá Deloitte. Hjá Deloitte á Íslandi starfa um tvöhundruð sérfræðingar sem sinna ríflega fjögur þúsund viðskiptavinum úr öllum atvinnugreinum. MYND/HANNA

Starfsmenn Deloitte á sviði viðskiptalausna aðstoða við gerð ársreikninga, skattframtala, bókhalds, afstemminga, launaútreikninga, rekstrargreiningar og sambærilegra verkefna. Megináhersla sviðsins er að þjónusta lítil og meðalstór fyrirtæki í íslensku atvinnulífi. „Algengt er fyrir þessa stærð af fyrirtækjum að útvista þessum verkefnum til að einbeita kröftunum að meginstarfseminni,“ segir Jónas Gestur Jónasson, sviðsstjóri Viðskiptalausna. „Viðskiptalausnir bjóða einnig upp á svokallaða tímabundna ráðningu en sú þjónusta felst í því að starfsfólk Deloitte er fengið í tímabundin verkefni hjá fyrirtækjum, til dæmis ef upp koma veikindi bókara, fæðingarorlof fjármálastjóra, átaksverkefni eða álagstímabil og sambærileg verkefni.

ÚTGEFANDI
365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG
visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA
Jóhann Waage| johannwaage@365.is | s. 512-5439
ÁBYRGÐARMAÐUR
Svanur Valgeirsson



„dk viðskiptahugbúnaðurinn er langútbreiddasta bókhaldskerfið á Íslandi og við erum sérfræðingar í því. dkVistun er því eðlilegasti kosturinn þegar kemur að því að hýsa viðskiptakerfið okkar en að auki bjóðum við allar aðrar lausnir ef viðskiptavinir kjósa svo.“ MYND/HANNA

# Örugg hýsing gagna hjá dk

Fyrirtækið **dk hugbúnaður** hefur í um 18 ár hannað og þróað hinn vinsæla dk viðskiptahugbúnað fyrir íslensk fyrirtæki og skapað viðskiptalausnir sem stuðla að vexti og velgengni viðskiptavina. Sífellt fleiri fyrirtæki sjá sér hag í að fjárfesta í notendavænum viðskiptahugbúnaði sem stuðlar að betri rekstri og arðsemi. Á miðju ári 2006 var hýsingarþjónustan hjá dk sett á fót undir nafninu dkVistun þar sem boðið er upp á heildarlausn í hýsingu forrita og gagna. Hýsingarþjónustan dkVistun hefur vaxið gífurlega eða um og yfir 25 prósent á ári.

Hýsingaumhverfið hjá dk er þróað í kringum okkar viðskiptavini sem nota dk viðskiptahugbúnaðinn. Það er algengt að fyrirtæki séu með alhýsingu hjá okkur og geti þá einbeitt sér að kjarnastarfsemi í fyrirtæki sínu,“ segir Brynjar Hermannsson, tölvunarfræðingur og tæknistjóri hýsingar hjá dkVistun.

## Af hverju hýsingaþjónusta?

„Kostirnir við að útvista til okkar utanumhaldi á gögnum og aðgangi að þeim eru umtalsverðir og þá sérstaklega varðandi öryggismál. Fyrirtæki gerir samning við okkur um vistunaraðgang fyrir sína notendur, endurskoðendur og bókarar geta til að mynda fengið aðgang að gögnum viðkomandi fyrirtækis sé þess óskað. Allt er þá inni í miðlægum grunni og engir gagnaflutningar þurfa að eiga sér stað fram og aftur en allur aðgangur að gögnum fer að sjálfsögðu eftir skilgreindum ferlum.

**3.000 fyrirtæki með bókhaldið sitt í skýinu hjá dk**

Viðskiptavinir komast inn í sitt skrifstofuumhverfi hvaðan sem er úr heiminum. Fólk getur verið með fartölvuna sína á ferðinni og loggað sig inn í vistunina okkar og unnið, hvar sem það er statt.

Kostnaður við vistunarþjónustuna er einnig fyrirsjáanlegur. Viðskiptavinir sjá strax hvað þarf að borga á mánuði og hvað er innifalið í því mánaðargjaldi,“ útskýrir Brynjar.

„Þá sjáum við um afritun gagna og viðhald á kerfum en örugg afritun skiptir gríðarlegu máli. Við rekum okkur sífellt á að afritunarmál eru í ólestri, sérstaklega hjá fyrirtækjum sem eru ekki af þeirri stærð að hafa sérstakan starfsmann eða deild sem sinnir tölvumálum. Allnokkur mál koma upp á hverju ári þar sem eitthvað bilar, enginn kemst inn í kerfin og engin afrit eru til.“

## Fyrir hverja er dkVistun?

„Fyrirtæki af ýmsum toga og öllum stærðum nýta þjónustu dkVistunar,“ segir Brynjar. „Allt frá einstaklingum með verktakaþjónustu og upp í stærstu fyrirtækin sem eru með tugi notenda í hýsingu þess fyrirtækis. Hægt er að velja um mismunandi þjónustu. Kerfisleið I er einfaldasti pakkinn, þá hefur viðskiptavinurinn aðgang inn í vistunina okkar og dk kerfið, sem hann annaðhvort á eða leigir af okkur. Við tryggjum að öll leyfi séu í lagi og uppfærum kerfin þegar þarf. Í Kerfisleið II fær viðskiptavinurinn þar að auki aðgang að Word og Excel, tölvupósti og fleiru. Stærstu fyrirtækin eru að hýsa aðra hluti, ýmiss konar sérlausnir sem þá eru gerðir sérsamningar um.

## Öryggi er aðalatriði

Brynjar segir Íslendinga grandvaralausa þegar kemur að öryggismálum. Stjórnendur fyrirtækja verði að veita fjármuni í öryggismál. Ákveðin vakning hafi þó orðið á undanförnum árum.

„Öryggi verður alltaf stóra málið og ekki bara mál notenda heldur líka stjórnenda fyrirtækja. Við hjá dk leggjum þunga áherslu á öryggismál og veitum ekki upplýsingar í gegnum síma. Allar fyrirspurnir varðandi aðgang þurfa að fara eftir ákveðnum leiðum og við höfum samband við ákveðinn tengilið hjá viðkomandi fyrirtæki. Allar beiðnir um aðgang að gögnum, týnd lykilorð og fleira þurfa að koma frá honum. Þar fyrir utan þarf að eiga við vírusa og tölvuþrjóta sem reyna að brjótast inn í forrit, að notendur komist ekki inn í gögn annarra og að aðgengi að vélbúnaðarkerfum í hýsingarsal sé tryggt. Þá þarf afritun gagna að vera trygg.“

## Stöðugur vöxtur

„dk viðskiptahugbúnaðurinn er lang útbreiddasta bókhaldskerfið á Íslandi og við erum sérfræðingar í því. dkVistun er því eðlilegasti kosturinn þegar kemur að því að hýsa viðskiptakerfið okkar en að auki bjóðum við allar aðrar lausnir ef viðskiptavinir kjósa svo. Við leggjum mikla áherslu á öflugan og góðan vélbúnað. Þróunin í tölvugeiranum er gríðarlega ör og við erum dugleg að viðhalda kerfum og endurnýja vélbúnað reglulega. dkVistun hefur vaxið gífurlega, um og yfir 25 prósent á hverju ári og þessi þróun er okkar frábæra viðskiptamannahópi að þakka og ekki síður frábæru og öflugu starfsfólki. Í dag eru um 5.000 notendur í dkVistun sem hafa aðgang að rúmlega 6.000 fyrirtækjum.“

**Nánari upplýsingar má finna á www.dk.is**

dk

**dk hugbúnaður**
**Bæjarhálsi 1**
**110 Reykjavík**
**Hafnarstræti 53**
**600 Akureyri**
**s: 510-5800**
**www.dk.is**

regla

NÚTÍMA BÓKHALD

- BÓKHALD
- REIKNINGAR
- LAUNAKERFI
- SALA
- BIRGÐIR
- VERKBÓKHALD
- VERSLUNARKERFI
- ÁSKRIFTAKERFI



Haukur segir fólk almennt lítið spá í fjármál frá degi til dags.

# Íslendingar spá of lítið í dagleg útgjöld

**Haukur Hilmarsson** ráðgjafi í fjármálahegðun kennir námskeiðið Betri fjármál fyrir þig, í Endurmenntun HÍ. Þar læra þátttakendur betri fjármálahegðun.

„Algengustu mistökin sem fólk gerir er að fylgjast ekki með daglegum útgjöldum. Það fær útborgað og eyðir án þess að velta fyrir sér hvað hlutirnir kosta. Ég spyr til dæmis stundum þátttakendur á námskeiðunum hvað mjólkurlítri kosti og það verður fátt um svör, samt er fólk að kaupa marga lítra af mjólk vikulega,“ segir Haukur sem telur þó að vaxandi áhugi sé hjá fólki að reyna að bæta sig í þessum efnum.

Markmið námskeiðsins er að aðstoða þátttakendur við að skipuleggja fjármálin. „Það á að stuðla að því að snúa fjármálum fólks úr viðbrögðum við aðstæðum í fyrirbyggjandi markmið í fjármálum,“ útskýrir Haukur. Hann leggur áherslu á hjálp til sjálfshjálpar.



Haukur Hilmarsson fjármálaráðgjafi.

Þannig fari þátttakendur sjálfir yfir stöðu sína og finni eigin raunhæfar lausnir með stuðningi Hauks.

„Oft er fjármálahegðun bara gamall vani, og oft og tíðum slæmur vani sem fólk áttar sig ekki á. Á námskeiðinu endurskoðar fólk hegðun sína og venjur í fjármálum og lærir nýjar aðferðir til að breyta hegðun sinni til frambúðar.“

Haukur segir marga nemendur sína hafa fengið vitundarvakningu á námskeiðunum. „Einhverjir hafa farið alla leið og eru orðnir Excel-nördar í heimilisbókhaldinu, aðrir nota það sem þeir læra til að vera skynsamir,“ segir hann og bendir á að mikilvægt sé að ná tökum á heimilisfjármálunum. „Enda eyðir fólk oft mestum peningum í vitleysu í daglegum útgjöldum.“

**Nánari upplýsingar um námskeiðið er að finna á endurmenntun.is en einnig má finna ýmsan fróðleik um fjármál á vefsíðu Hauks, skuldlaus.is.**




Endurskoðun og ráðgjöf ehf starfar á sviði endurskoðunar og bókhalds ásamt skattaráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga.

Við leggjum metnað okkar í að veita faglega og umfram allt persónulega þjónustu.

Endurskoðun & ráðgjöf ehf.

Garðatorgi 7 • 212 Garðabær
Sími 544 8989 • cpa@cpa.is • www.cpa.is



## Gott að halda heimilisbókhald

Það er skynsamlegt að færa heimilisbókhald. Með því er hægt að fá betri yfirsýn yfir framfærslukostnað fjölskyldunnar, fjármálin í heild og hægt að meta greiðslugetu sína.

Mörgum vex það í augum að halda bókhald og því er gott að byrja að færa einfalt heimilisbókhald og síðan að hafa það viðameira. Hægt er að kaupa ýmis forrit, tæki og tól til að auðvelda sér vinnuna, en í flestum tilfellum nægir einfalt Excel-skjal. Á vef umboðsmanns skuldara er til dæmis hægt að sækja Excel-skjal til þess að setja upp heimilisbókhald.

Þeir sem eru með heimabanka geta oftar en ekki nýtt sér bókhaldsforrit sem bankinn veitir aðgang að.

Þeir sem komast upp á lagið með að halda heimilisbókhald mæla iðulega með því. Þar sjái þeir svart á hvítu í hvað peningarnir fari, þeir hafi betri yfirsýn yfir fjármálin og geti notað upplýsingarnar í bókhaldinu til að gera áætlanir.



# Haust útsala Fjallakofans

23. ágúst - 4. september

## 20-70% afsláttur

Gríptu tækifærið og fáðu þér gæða útivistarvörur frá Marmot, Scarpa, Smartwool, Arc'teryx, Löffler, Helsport, Teva og fleirum á þessari frábæru útsölu! Fatnaður, skór, sandalar, bakpokar, tjöld, svefnpokar og margt margt fleira, **sjón er sögu ríkari.**

Smartwool nærfatnaður og sokkar 20-30% afsláttur

Löffler hjólafatnaður 30-50% afsláttur

Helsport Tjöld og bakpokar 20-40% afsláttur

Teva sandalar 20-30% afsláttur

Marmot útivistarfatnaður 20-70% afsláttur

Scarpa gönguskór 20-50% afsláttur

**Afgreiðslutími í verslunum Fjallakofans næstu daga:**

| Verslun \ Dagur | föst. 26. ágúst | laug. 27. ágúst | sunn. 28. ágúst |
|---|---|---|---|
| **Laugavegur 11** | **10-19** | **10-17** | **12-18** |
| **Kringlan 7** | **10-18** | **10-17** | **12-18** |
| **Reykjavíkurv. 64** | **12-18** | **12-17** | **LOKAÐ** |

Marmot ARC'TERYX SCARPA smartwool PETZL Black Diamond SILVA SEA TO SUMMIT JETBOIL Julbo

FJALLA KOFINN

Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is

# KVIKMYNDAHELGAR Á STÖÐ 2 Í HAUST!

Vandaðar og skemmtilegar kvikmyndir skipa stóran sess á Stöð 2 í haust og um helgar bjóðum við upp á grín, hasar og rómantík í splunkunýjum kvikmyndum fyrir alla fjölskylduna. Vertu með okkur, því framundan eru svo sannarlega ánægjulegar stundir með Stöð 2!






365.is | Sími 1817
365

# SUMARSÆLA MEÐ MARENGS

Þeir sem eru svo heppnir að hafa aðgang að rabarbara ættu að prófa að gera þetta pæ. Það er ættað úr sænska eldhúsinu og afar einfalt að gerð. Sætur hnetumarengsinn fer vel við súrsætan rabarbarann og bráðnar í munni.



Nú fer hver að verða síðastur að nýta rabarbarann í garðinum sé honum til að dreifa. Margir nota hann í sultur en hann þykir líka afar góður í hvers kyns kökur og pæ.

Þessi uppskrift er úr bókinni Det svenska köket. Hlutföllin í botninum eru ekki heilög og óhætt að láta tilfinningu ráða för. Fyrir þá sem forðast sykur er vel hægt að skipta honum út fyrir strásætu.



### RABBABARAPÆ

**Botn**

rabarbari
u.þ.b 3 msk. sykur, strásæta eða hunang
3-4 tsk. kartöflumjöl
1-2 tsk. vanillusykur

**Marengs**

5 eggjahvítur
5 msk. sykur eða strásæta
100 mg heslihnetuflögur

Hreinsið rabarbarann og skerið hann í lita bita. Smyrjið bökuform og dreifið bitunum jafnt yfir botninn. Sáldrið sykri, strásætu eða hunangi yfir ásamt vanillusykri og kartöflumjöli. Bakið við 175 gráður í tíu mínútur. Stífþeytið eggjahvítur, bætið sykri eða strásætu út í í lokin og þeytið vel saman við. Bætið heslihnetuflögum varlega við með sleif. Takið rabarbarann út. Hækkið ofninn í 225 gráður. Dreifið marengsinum jafnt yfir. Bakið í 5-10 mínútur eða þar til marengsinn er orðinn gullinbrúnn. Berið fram með ís eða rjóma.






Sjóðheitt kaffi með kanill, appelsínu og púðursykri að mexíkóskum hætti ætti að koma okkur fram úr á morgnana.

# MEXÍKÓSKT KAFFI MEÐ KANIL

**⅔ bollar dökkristað kaffi, grófmalað**
**1 l vatn**
**1 kanilstöng**
**u.þ.b. 3 cm stykki af appelsínuberki**
**1 bolli dökkur púðursykur**



Setjið pott yfir hellu á meðalhita og hellið öllu saman í pottinn. Hrærið rólega í meðan suðan kemur upp og þar til sykurinn er uppleystur. Takið pottinn þá af hellunni og setjið lokið á. Látið bruggast í 5 mínútur. Hellið þá í gegnum fínt sigti í bolla og berið fram rjúkandi heitt.



**www.foodnetwork.com**

# smáauglýsingar

FRÉTTABLAÐIÐ

smaar@frettabladid.is / visir.is

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá **8-17**

Allar smáauglýsingar vikunnar á **visir.is**

## BÍLAR & FARARTÆKI

Bílalíf



**EKINN AÐEINS 139Þ.KM.!**
TOYOTA Hilux double cab d/c, sr. Árgerð 2008, ekinn aðeins 139þ. km., Flott eintak! Dísel, Sjálfskiptur, Nýl. tímareim, Dráttarkrókur, Palllok o.fl. Verð 3.790.000. Til sýnis og sölu á Bílalíf, Kletthálsi 2, S:562-1717, Rnr.128222.



**EKINN 45Þ.KM. DÍSEL - 7 MANNA**
VOLVO XC90 Momentum. Árgerð 2013, ekinn aðeins 45þ.km. Dísel, sjálfskiptur, 7 manna. Ný dekk, Einn eigandi, Leður, Cruise o.fl. Verð 8.890.000. Til sýnis og sölu á Bílalíf, Kletthálsi 2, S:562-1717, Rnr.250592.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

bilfang.is
S. 567 2000



**GLÆSILEGT EINTAK !**
Volvo XC60 D4 Diesel R-Design 08/2015 ek 22 þ.km krókur, hálft leður ofl verð 7990 þús ! (Er á staðnum)

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

SUZUKI



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 219.000,-

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

NETBÍLAR
www.netbilar.is



NISSAN Qashqai 7 manna dísel. 4x4. Árgerð 2012, ekinn aðeins 92 Þ.KM. Staðgreiðslutilboð 3190þús. Rnr.214402. www.netbilar.is s: 5885300

**Netbílar.is**
**Núpalind 1 .Lindum Kópavogi,**
**201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

VAKA



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

100bílar.is



**100 BÍLAR ERU FLUTTIR Í STEKKJARBAKKA 4 VIÐ HLIÐINA Á GARÐHEIMUM.**
Vantar bíla á skrá og á staðinn. 100 bílar Stekkjarbakka 4, 109 Reykjavík



Toyota Yaris Comfort, 5/2016, óekinn og ónotaður bíll, bakkmyndavél, loftkæling, ogfl, ásett verð 2.390 þús, er á staðnum, raðnr 220839.

**100 bílar ehf**
**Stekkjarbakki 4, 109 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18 virka daga & laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

### Bílar til sölu



Toyota Avensis 1.6. '98 skoðaður, smurbók, dráttarbeisli, ek. 202þús Gamall en góður bíl. Verð 300.000kr ENGINN TILBOÐ Uppl. Smári 868-7483

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Hópferðabílar

**Mercedes Benz Sprinter**, beinskiptur. Árgerð 2005, 19+1 farþ. ekinn 450 Þ.KM, dísel.

**Mercedes Benz Sprinter** 4x4, beinskiptur.Árgerð 2004, 16+1 farþ. ekinn 445 Þ.KM, dísel.

**Mercedes Benz Inturo** dísel. með bilaða vél. Árgerð 2003, 49 +1 farþ. ekinn 271 Þ.KM, dísel.

**Bucher Duro 4x4**, sjálfskiptur. Árgerð 1997, 15+1 farþ. ekinn 197 Þ.KM, dísel.

**Upplýsingar gefur Tiffi í síma 897-5976**

### Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## ÞJÓNUSTA

### Garðyrkja

Alhliða garðyrkja. Halldór garðyrkjum. Sími 698 1215

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**ALHLIÐA MÁLNINGARÞJÓNUSTA**
Getum bætt við okkur verkum inni sem úti. Tilboð eða tímavinna. Uppl. í s. 659 7587 & 847 7034

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.**
**S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## KEYPT & SELT

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

### Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## HEILSA

### Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is







## HEIMILIÐ

### Dýrahald



Til sölu svartir schnauzer hvolpar frá Black Standard ræktun með ættbók frá HRFÍ. Tegund sem fer ekki úr hárum. Frekari upplýsingar í síma 862-6969 eða á FB síðu Black Standard.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði óskast

**ÓSKA EFTIR HÚSNÆÐI**

Ég er tungumálakennari frá Þýskalandi (kenni frönsku og þýsku) og nýlega hætt að vinna í heimalandi mínu vegna aldurs. Ég leita að lítilli íbúð eða stúdíóíbúð (með húsgögnum ef mögulegt er) á höfuðborgarsvæðinu á tímabilinu febrúar 2017 - ágúst 2018. Reyki ekki. Leiguverð allt að 150.000 kr. Herbergi í sameiginlegri íbúð kemur einnig til greina. Býð upp á frönsku- og þýskukennslu. Ef þú hefur áhuga á að leigja mér sendu mér vinsamlegast póst á krueger. erdmute @gmx.de eða grimsdottir_8@hotmail.com . Ég verð á Íslandi 4.-10. september á þessu ári og gæti hitt þá sem hafa áhuga á að leigja mér. Erdmute Krueger

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**VEITINGAHÚSIÐ ÍTALÍA**

óskar eftir að ráða þjóna í fullt starf, 11-11 vaktir.

Ath. lágmarksaldur 18 ár og íslenskukunnátta er skilyrði.

Upplýsingar aðeins veittar á staðnum í dag og næstu daga.

**VILT ÞÚ VINNA MEÐ OKKUR.**

Óskum eftir hressu, þjónustulunduðu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í bakaríinu okkar í Mosfellsbæ. Vinnutíminn er frá 13:00 - 18:30 alla virka daga og einn dag aðra hverja helgi. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.

**Hægt er að fylla út umsókn á staðnum eða á netinu. Slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/**

**MÖTUNEYTI 365 ÓSKAR EFTIR STARFSKRAFTI**

Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Við leitum eftir :

-Brosmildi

-Jákvæðni

-Góðri þjónustulund

-Reynsla af veitingastörfum er kostur.

Dagvinna í boði.

**Uppl. sendist á oley@365.is merkt "mötuneyti"**

### Atvinna óskast

**PROVENTUS STARFSMANNAÞJÓNUSTA**

Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra starfa um lengri eða skemmri tíma.

**Nánari upplýsingar í síma 775-7373 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is**

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

**SÍMADÖMUR 908 1666**

Við erum mjög heitar, langar til að heyra í þér. 100% trúnaður.




FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar

Endalaust sumar
ENDALAUS GSM
2.990 KR.
ÓTAKMARKAÐ TAL, SMS OG 30 GB GAGNAMAGN*
EKKI HAFA ÁHYGGJUR AF SÍMNOTKUNINNI Í SUMAR!
Settu þig í samband og fáðu Endalausan GSM 1817 | 365.is 365
*Greitt er aukalega fyrir farsímanotkun erlendis, til útlanda og í upplýsinganúmer. Nánari upplýsingar er að finna í GSM skilmálum á 365.is
*30 GB gagnamagn er innifalið í hverjum mánuði en endalaust gagnamagn fyrir 2.000 krónur bætist við ef farið er umfram 30 GB


## fasteignir



# Fiskakvísl 30

íbúð 201

Falleg íbúð á annarri hæð að stærð 128,9 m²

Tvennar svalir

Íbúðin nær í gegnum húsið

Tvö svefnherbergi á hæðinni

Möguleiki á svefnherbergi í risi sem nú er sjónvarpshol

Frábær staðsetning

Mikið útsýni

Verð: **42,8 millj.**



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
löggiltur fasteignasali
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**



# Hamrahlíð 21

Falleg og vel skipulögð íbúð á 1. hæð

í góðu húsi við Hamrahlíð

80 fm

3ja herbergja

Góð staðsetning þar sem stutt er í skóla og alla helstu þjónustu

Verð: **36,9 millj.**



**Gunnar S. Jónsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**

## atvinna

**ÞJÓNAR OG ELDHÚSSTARFSMENN**

ÍSLENSKA HAMBORGARAFABRIKKAN

Hamborgarafabrikkan á Akureyri leitar að harðduglegum og jákvæðum starfsmönnum, bæði í sal og eldhús.

**Umsókn ásamt ferilskrá og mynd sendist á atvinna@fabrikkan.is merkt "Fabrikkan Akureyri".**

The Hamburger Factory in Akureyri needs hard working and ambitious kitchen employees, for both full time jobs and part time jobs.

**Please send your application via email to atvinna@fabrikkan.is**

# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig



lind@talent.is



bryndis@talent.is

TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

www.talent.is | talent@talent.is



## skemmtanir




# Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*

## Leikir helgarinnar:

**Laugardaginn 27. ágúst**
11:15 Tottenham - Liverpool
13:50 Watford - Arsenal
16:20 Hull City - Man. United

**Sunnudaginn 28. ágúst**
14:50 Man.City - W.Ham United

## Hljómsveitin AMIGOS



Arnar Freyr, Birgir Jóhann, Jón Kjartan og Jón Borgar spila um helgina.

Allir velkomnir

Gullnáman

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn


HITTUMST
Í HÁDEGINU
ALLAR BEYGLUR Á 399 KR.
Rjómaostur
Sulta og rjómaostur
Kalkúnabringa
Lax og rjómaostur
Beikon, egg og ostur
Naut, skinka og BBQ
Kjúklingur og beikon
Hráskinka
Caprese-salat
Byrjaðu daginn á Dunkin' Donuts. Opið frá kl. 07–22
á Laugavegi, Fitjum og í Hagasmára. Opnunartíma
í Kringlunni má finna á dunkindonuts.is.
Laugavegur 3 | Kringlan | Hagasmári 9 | Fitjar
DUNKIN' DONUTS



✝

Elsku maðurinn minn, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,

**Sigmar H. Sigurðsson**

lést á Borgarspítalanum 16. ágúst sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Aðalheiður E. Helgadóttir**
**Grétar Sigmarsson** **Helga Adolfsdóttir**
**Baldur Birgisson** **Lovísa Jónsdóttir**
**Sigrún Linda Birgisdóttir**
**Fanney Aliisa Glan**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Benedikt Bragi Pálmason**
bakari,
Holtateigi 7,

verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju mánudaginn 29. ágúst kl. 13.30.

**Soffía Ottesen**
**Sigríður María Bragadóttir**
**Rósa Á. Bragadóttir** **Erlendur Guðbrandsson**
**Þorkell Pálmi Bragason** **Sigríður Lovísa Björnsdóttir**
**Sigfríður R. Bragadóttir** **Kristinn Sigurgeirsson**
**Anna Soffía Bragadóttir** **Ævar Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Innilegar þakkir til allra er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar,

**Sveinbjargar E. Helgadóttur**
Hæðargarði 35, Reykjavík.

**Þórunn Sigurðardóttir, Helgi Jónas Sigurðsson,**
**Guðrún L. Sigurðardóttir, Sigurrós Sigurðardóttir**
**og fjölskyldur.**



✝

Þökkum auðsýnda samúð, vináttu og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**Björns Víkings Þórðarsonar**
fv. aðalgjaldkera ÁTVR,
Engihjalla 1, Kópavogi,

sem lést 8. júní sl.

**Guðmunda Inga Guðmundsdóttir**
**Anna Regína Björnsdóttir**
**Þórður Björnsson** **Lísbet Alexandersdóttir**
**Björn Víkingur Þórðarson**
**Víkingur Nielsen**
**Alexander Þórðarson**
**Benedikt Þórðarson**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Erla Aðalsteinsdóttir**
Eirarholti, Grafarvogi,
áður Blönduósi,

andaðist í faðmi fjölskyldunnar mánudaginn 15. ágúst. Útför hennar verður gerð frá Fossvogskirkju þann 29. ágúst kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Eirarholt, hjúkrunarheimilinu Eir.

**Sturla Snorrason**
**Guðrún Snorradóttir** **Árni Þór Hilmarsson**
**Aðalsteinn Snorrason** **Ingibjörg Kjartansdóttir**
**Bjarni Snorrason** **Kristín Linda Steingrímsdóttir**
**Steinunn Snorradóttir** **Sævar Sverrisson**
**ömmu- og langömmubörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**



**„Ég ætla að hafa eitthvert smáfjör á völdum stað fyrir helstu móðursystur. Aðeins að minna fólk á mig," segir afmælisbarn dagsins, Bragi Valdimar.** FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Partur af því að vera til

**Bragi Valdimar Skúlason tónlistarmaður, hugmyndasmiður og málfarsráðunautur er fertugur í dag og treystir á að fá stóra pakka og helst einhverja sjaldgæfa Pokémona.**

„Mér finnst stórkostlegt að eiga afmæli," segir Bragi Valdimar Skúlason sem er fertugur í dag. „Það er partur af því að vera til og að láta minna sig reglulega á það," bætir hann við heimspekilega áður en grínið tekur völdin. „Svo fær maður fullt af kveðjum á Fésbók og stóra pakka. Ég er farinn að fá pakka bara á tíu ára fresti og nú er tilefni til að gleðja mig!"

En hvað langar þig helst í? spyr ég og bendi honum á tækifærið til að birta óskalista. „Bara einhverja sjaldgæfa Pokémona, er það ekki það sem alla dreymir um? – Held reyndar að það sé ekki hægt að gefa svoleiðis. Fólk verður bara að gefa mér aðgang að bankareikningunum sínum." Dregur svo í land. „Nei annars – mig vantar nú ekki margt."

> **Þriggja ára afmælið hefur örugglega verið hressandi. Ég reyni bara að hafa þetta svipað. Hafa nógu stóra köku – í hlutfalli við mig!**

Bragi Valdimar ætlar hins vegar að gefa þjóðinni gjöf á næstu dögum því 4. september byrjar ný Orðbragðsþáttaröð í sjónvarpinu sem hann sér um, ásamt Brynju Þorgeirsdóttur. „Þar er bara meira af því sama og síðast, orðbragðið okkar er ótæmandi brunnur og alltaf af nógu að taka," segir hann.

Ekki kveðst hann punkta hjá sér hugmyndir fyrir þáttinn dagsdaglega heldur poppi þær sjálfkrafa upp þegar þau Brynja byrji að undirbúa þættina. „Við þurfum að henda miklu fleiri hugmyndum en við komum fyrir. Það varð líka eins árs hlé hjá okkur og þá safnaðist í hugmyndabankann."

En ætlar Bragi Valdimar að halda upp á afmælið í dag? „Ég ætla að hafa eitthvert smáfjör á völdum stað fyrir helstu móðursystur. Aðeins að minna fólk á mig."

Hann kveðst alltaf hafa átt prýðileg afmæli. „Þriggja ára afmælið hefur örugglega verið hressandi. Ég reyni bara að hafa þetta svipað. Hafa nógu stóra köku – í hlutfalli við mig!"

Þegar Bragi Valdimar er spurður í lokin hvernig hann vilji láta titla sig í viðtalinu vefst það aðeins fyrir honum. „Kallaðu mig bara sumtmúligmann!" verður niðurstaðan.

**gun@frettabladid.is**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Gunnar Pétur Pétursson**
Lækjargötu 34e, Hafnarfirði,

lést í faðmi fjölskyldu á Landspítalanum þriðjudaginn 23. ágúst.

**Sæbjörg Ólafsdóttir**
**Pétur Ingi Pétursson** **Guðrún Björg Gunnarsdóttir**
